


2. tölublað, 12. árgangur. Nóvember 2016

# FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



pípu

lakk

# Allt frá hatti oní skó



Hattar



Treflar



Kjólskyrtur



Hátíðavesti (5 hnappa)



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Lakkskór (ný tegund)



Erma- og brjósthnappar



Ermahnappar



Smeygur



Ermahnappar



Lindaklemma/  
bindisnæla



# FRÍMÚRARINN

## Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagötu 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

## Netfang

ritstjori@frimur.is

## YAR

Kristján Jóhannsson (R&K)

## Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (X)  
steingrimur.saevarr@gmail.com

## Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)  
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (X)  
pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (IX)  
olafurs@granthornton.is

Pórhallur Birgir Jónsson (IX)  
thorjose@simnet.is

Bragi V. Bergmann (VIII)  
bragi@fremri.is

Pétur S. Jónsson (VII)  
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VI)  
thor12@ru.is

## Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

## Forsíðumynd

Frímúrarahúsið á Akureyri.  
Ljós. Páll A. Pálsson.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

## „Hvað get ég gert fyrir þig?“

Frímúrarareglan hefur mannrækt að leiðarljósi þar sem virðing og umhyggja fyrir öðrum eru grunnatriði.

Reglan starfar efir fögrum siðabálkum sem hafa lítið breyst í 300 ár. Þessir siðabálkar afmarka ekki aðeins fundarsköp og fundarsiði heldur eru einnig vitar á ferðalagi bræðranna á frímúrarabrautinni. Siðabálkarnir byggja á aldagamalli reynslu um mannlegt eðli og mannlega hugsun.

Embættismenn stúkna á hverjum tíma hafa það hlutverk að flytja bræðrunum siðabálkana og fara með þá og það skiptir miklu máli hvernig þeir gera það. Eftir ótal heimsóknir mínar í stúkur um allt land get ég staðfest að alls staðar leggja embættismenn sig fram um að gegna embættum sínum með sóma. Frímúrarareglan veitir bræðrunum þannig hlutdeild í verðmætri reynslu og þekkingu sem reynist flestum vel í leitinni að ljósi og sannleika.

En Frímúrarareglan er líka bræðralag. Merkilegasti titill í Reglunni er „Bróðir“. Þegar menn ganga til liðs við hana eignast þeir stóran bræðrahóp. Bræðralag þýðir að bræðurnir sýna hverjir öðrum kærleika og vinskapa.

Ef bróðurhugur og kærleikur einkennir ekki viðmót bræðranna gagnvart öðrum, öðrum bræðrum og öllu fólki,



Valur Valsson.

þá hefur mönnum mistekist að tileinka sér það sem siðabálkarnir fjalla um.

Mér var fyrir nokkru sagt frá bróður sem ekki hafði komið á fundi í langan tíma og hafði ekki greitt árgjaldið sitt. Féhirðir stúkunnar hringdi einn daginn í hann og spurði um hagi hans. Kom þá í ljós að hann hafði um langa hríð ekki átt heimangengt á fundi vegna þess að hann annaðist sjúka eigin konu sína. En eina símtalið sem hann hafði fengið frá bræðrum var rukkun á árgjaldinu. Enginn hafði hringt og spurt: „Hvað get ég gert fyrir þig?“

Bræður mínir. Látum það ekki henda okkur aftur.

Valur Valsson SMR



# AFSLÁTTUR



- Úrval kjólfata
- Kjólshyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

## Kjólföt

- Fjárfesting í glæsileika

Þjóðum afslátt af öllum kjólfötum með svörtu vesti fyrir núverandi og tilvonandi frímúrarábræður. Verð áður **89.800 kr.** Verð nú **76.900 kr.**

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

*Sigurður Þorláksson - Böbó*

Sigurður Þorláksson (Böbó)



**karl**menn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

Húsnæðismál Reglunnar:

# Framtíðarsýn um Regluheimilið og stúkuhúsin

Kynningarfundur um húsnæðismál Frímúrarareglunnar á Íslandi var haldinn 2. nóvember 2016. Þar voru kynntar tvær skýrslur, sem unnar voru í tengslum við stefnumótun Reglunnar. Annars vegar var kynnt skýrsla um Regluheimilið og hins vegar skýrsla um stúkuhúsin utan Reykjavíkur. Á fundinum voru Stórmeistari Reglunnar og aðrir æðstu embættismenn hennar, fulltrúar allra ráða Reglunnar, stólmeistarar o.fl.

Stefnumótunarnefnd, sem sett var á laggirnar í janúar 2014, skilaði skýrslu sinni í desember á síðasta ári og eftir umfjöllun í Æðsta Ráði Frímúrarareglunnar ákvað Stórmeistari Reglunnar að setja af stað vinnu við ellefu verkefni og fleiri hafa bæst við eftir það. Eitt þessara verkefna lýtur

að húsnæðismálum Reglunnar og var Fjárhagsráði falið að mynda vinnuhópa til að gera heildaráætlun um húsnæðismál Reglunnar, kostnaðargreiningu, röðun verkefna, hönnun o.fl.

Jens Sandholt, Yfir Kastalavörður, stýrði vinnuhópi sem fjallaði um Regluheimilið í Reykjavík. Með honum störfuðu þeir Halldór Guðmundsson, Einar Þjarnald Jónsson og Hákon Örn Arnþórsson.


Aðalsteinn Júlíusson, Ræðismaður Reglunnar, stýrði öðrum hópi sem fjallaði um öll önnur stúkuhús á landinu. Með honum í hópi voru Björn Samúelsson, Guðmundur Guðmundsson og Skúli Lýðsson.

## Aðgengi hreyfihamlaðra brýnasta verkefnið

Jens Sandholt kynnti þær niðurstöður vinnuhóps um Regluheimilið að brýnustu verkefni varðandi Regluheimilið sé að leysa aðgengi hreyfihamlaðra um húsið, m.a. með uppsetningu á lyftum. Þá þurfi að lagfæra salernis- og snyrtiaðstöðu. Hópurinn kynnti ennfremur tillögur að framtíðarlausn húsnæðismála Regluheimilisins almennt með tilliti til nýtingar á húsinu, viðhaldsframkvæmda og jafnvel stækkunar á húsinu.

Regluheimilið var allt raunteiknað, en það taldi hópurinn nauðsynlegt og myndu þær teikningar jafnframt nýtast í framtíðinni við umsjón og stjórnun á viðhaldi innandyra.

Hér má sjá hugmyndir um að breyta núverandi skrifstofum á 2. hæð í Bræðrastofu. Þar sést enn fremur að anddyrið stækkar og býið er að koma fyrir lyftu við anddyrið. Á þessari teikningu eru einnig sýndar hugmyndir um endurskipulagningu á aðstöðu embættismanna. Þar er býið að gera ráð fyrir nýju fundarherbergi, salerni endurnýjuð, aðstaða ritara stækkuð, gert ráð fyrir hjólastólalyftu við stiga gang o.fl.



Grettistaki var lyft við viðhald hússins að utan þegar það var klætt að utan árið 2005. Enn fremur hefur loftræstikerfi hússins verið endurnýjað á síðustu fjórum árum. Hins vegar er ljóst að nú er aðkallandi viðhald innandyra. Í dag er einungis verið að halda í horfinu og nánast eingöngu farið í fyrirbyggjandi aðgerðir.


Aðgengi hreyfihamlaðra er nánast ekkert og salernisaðstaða er ekki til staðar má segja fyrir þennan hóp. Aðkoma að útidrym frá Bríetartúni er viðundandi fyrir þann hóp en ekki fullkomin.

Aðeins er ein lyfta í þessu stóra húsi, sem er orðin úrelt, bæði hægfara og þröng.

Ljóst er eins og áður segir að aðgengi fyrir hreyfihamlaða er ábótavant í húsinu. Varanlegasta lausnin er ný lyfta í aðalhúsi sem gæti þjónað öllum hæðum í nýja húsinu. Einnig þyrfti að setja upp lyftu í stigaopi í aðalhúsinu og aðra í stigaopi Borgartúnsmeigin upp í Bræðrastofu.

Til að sinna brýnustu aðgengismálum fatlaðra þyrfti að auki að setja upp tvær svokallaðar pallalyftur við tröppur og stiga innanhúss.

Nánast öll salerni í húsinu þarfn-




Þessi tillaga um breytingar á 3. hæð hússins Borgartúnsmeigin gerir ráð fyrir að aðalskrifstofur verði færðar á þessa hæð ásamt Minjasafni, sem fengi þar góða sýningaraðstöðu.

ast algerrar endurnýjunar. Þá er hluti af hitakerfi hússins, þ.e. ofnar og ofnlokar, kominn á tíma. Það sama má segja um lýsingu, hún er barn síns tíma með tilliti til rekstrarhagkvæmni. Einnig þarf að endurnýja hljóðkerfi í hátíðarsal og að einhverju leyti í matsölum.

Áætlað er að kostnaður við lagfæringar á þessu öllu nemi um 109 milljónum króna og því varla hægt að framkvæma nema á 5-7 árum.

## Framtíðarsýn


Halldór Guðmundsson kynnti hugmyndir vinnuhópsins um framtíðarsýn varðandi Regluheimilið. Þar er meðal annars lagt til að núverandi skrifstofu verði breytt í Bræðrastofu, aðstaða embættismanna St. Jóh. stúkna verði endurskipulögð og útbúið þar nýtt fundarherbergi. Lagt er til að skrifstofa verði flutt á aðra hæð hússins við Borgartún ásamt Minjasafni, sem fengi þar góða sýningaraðstöðu. Svo er tillaga gerð um



*Hugmyndir um stækkun Regluheimilisins á grundvelli deiliskipulags Reykjavíkurborgar.*

að hækka húsið við Borgartún um eina hæð þar sem yrði bókasafn og Bræðrastofa og einskonar bókakaffi eða kaffihús í tengslum við Bræðrastofuna. Þetta rými gæti orðið mjög skemmtilegt með góðri birtu og útsýni út á sjó og víðar.

Deiliskipulag Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir því að Regluheimilið sé stækkað til austurs út á núverandi bílastæði, þar er gert ráð fyrir tveggja hæða 1.000 fermetra viðbyggingu og bílastæðakjallara og öðru 900 fermetra húsi á þremur hæðum þar austur af sem tengdist Regluheimilinu. Vinnuhópurinn lagði áherslu á að Frímúrarareglan tryggði yfirráð sín yfir lóðinni og þessum byggingum í framtíðinni.



*Tillaga er gerð um hækkingu Borgartúnshúss þar sem yrði bókasafn og Bræðrastofa og bókakaffi. Þarna er gert ráð fyrir litlu eldhúsi og fundaraðstöðu. Þetta rými gæti orðið mjög skemmtilegt með góðri birtu og fallegu útsýni út á sjó.*

OPTIMA

OPTIMA

NÝTT

Kíktu á nýja  
NETVERSLUN  
[www.optima.is](http://www.optima.is)



Optima er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á prentlausnum á Íslandi

## Prentbúnaður og heildarlausnir



**RICOH**  
Ljósritunarvélar - Prentarar - Skannar

**SCAN COIN**  
Mynttalninga- og flokkunarvélar

**ROSENGRENS**  
Öryggis- og peningaskápar

**BISLEY**  
Skjala- og skrifstofuskápar

**SáðarsLine**  
Öryggisáskapar

**WINCOR  
NIXDORF**  
Kassakerfi

**xerox**

**KATLUN**  
Prentvörur

**OPTIMA**

Vínlandsleið 6-8 Reykjavík  
Glerárgata 28 Akureyri  
Sími 588 9000



## Húsin utan Reykjavíkur

Aðalsteinn Júlíusson kynnti stöðuna á húsnæðismálum Reglunnar utan Reykjavíkur. Safnaði vinnuhópurinn gögnum m.a. um viðhald húsa, hugmyndum um viðbyggingar eða nýbyggingar, öryggismál og aðgengi hreyfihamlaðra.

Á Akranesi er unnið að uppsetningu lyftu í húsið og er vinna við það langt komin. Ennfremur þarf að lagfæra snyrtingar í húsinu þannig að þær þjóni hreyfihömluðum einnig.

Á Akureyri er komið að umtalsverðum viðhaldsframkvæmdum, utan- og innanhúss. Gera þarf lagfæringar á öryggis- og eldvarnakerfum og setja þarf upp lyftu í húsið svo hreyfihamlaðir geti nýtt það. Þá hafa bræður á Akureyri skoðað hugmyndir um byggingu samkomusalar í viðbyggingu sunnan við Frímúrarahúsið inn í brekkuna þar.

Á Egilsstöðum er komið að viðhaldi utanhúss. Einnig vantar þar öryggis- og eldvarnakerfi og neyðarútgang úr kjallara. Þar eru einnig hugmyndir uppi um viðbyggingu til að stækka borðsal og eldhús og síðar aðra viðbyggingu til að auka viðfundarsali. Þær tengjast ráðagerðum um stofnun St. Andr.stúku á staðnum.

Í Hafnarfirði er eitt fárra húsa sem sérstaklega hafa verið byggð fyrir starfsemi frímúrara. Viðhald og rekstur hússins þar er í góðu lagi en þó vantar þar stærra eldhús, geymslur og snyrtingu á 2. hæð. Við hönnun hússins var gert ráð fyrir viðbyggingu á tveimur hæðum til suðausturs.

Á Húsavík þarf að huga að aðgengi hreyfihamlaðra, t.d. með uppsetningu á stólalyftu.

Á Ísafirði þarf að ráðast í miklar viðhaldsframkvæmdir, bæði utan- og innanhúss. Þar eins og víðar vantar lyftu og huga þarf að öryggis- og brunakerfum.

Í Keflavík þarf að fara í umtalsverðar viðhaldsframkvæmdir að utan, m.a. lagfæringu á þaki hússins. Lokið er hönnun þess verks og vonast til að framkvæmdir hefjist sem fyrst.

Á Sauðárkróki er frímúrarahúsið í góðu ástandi og lyfta komin þar á milli hæða. Lóðafrágangur er þar eftir. Frímúrarahúsið á Selfossi er einnig í mjög góðu ástandi. Sama má segja um Siglufjörð, en þó vantar þar lyftu og öryggiskerfi.



*Stúkuhúsið í Vestmannaeyjum er eitt fjölmargra húsa Frímúrarareglunnar úti á landi.*

Í Stykkishólmi þarfnast frímúrarahúsið viðhalds að utan, öryggiskerfi vantar og laga þarf aðgengi hreyfihamlaðra. Úrbætur á erfiðum stiga er brýnt úrlausnarefni.

Í Vestmannaeyjum er unnið að klæðningu hússins að utan og lyftu vantar þar á milli hæða.

Aðalsteinn minnti bræður á, að Reglan þyrfti að hlú að þessum arfi sínum, sem húsin væru, og skila þeim í hendur komandi kynslóða í góðu lagi.

Að lokinni kynningu vinnuhópanna voru nokkrar fyrirspurnir og umræður, en að því loknu þakkaði Kristján Sigmundsson, Féhirðir Reglunnar, nefndarmönnum fyrir mikið og vel unnið starf.

Valur Valsson, Stórmeistari Reglunnar, lauk síðan fundinum með því að þakka öllum þeim bræðrum sem komu að þessu verkefni fyrir frábæra vinnu, sem myndi nýtast Frímúrarareglunni langt inn í framtíðina.

Nefndi hann að augu sín hefðu opnast fyrir því hversu gríðarlegur mannaúdur væri í Reglunni og þar væru margir af hæfustu mönnum landsins á því sviði, sem hér væri fjallað um. Sagðist hann seint geta fullþakkað hversu mikið menn hefðu lagt á sig að leysa þetta verkefni svo vel af hendi. „Hér hefur grunnurinn verið lagður og upplýsingum safnað sem gerir okkur auðveldara að taka ákvarðanir um næstu skref,“ sagði Valur. Upplýsti hann að nú myndi Æðsta ráð Reglunnar fara í gegnum þessar niðurstöður og hugmyndir og forgangsraða verkefnum.

*Guðbrandur Magnússon*



Vilhjálmur Þór (þriðji f.v.) á hátíðarfundum.

# Frímúrarinn Vilhjálmur Þór, ráðherra, forstjóri, bankastjóri

Br. Vilhjálmur Þór var einhver umsvifamesti sonur Akureyrar á nýliðinni öld. Hér verða nokkrir drættir í sögu hans raktir.

Vilhjálmur Þór vígðist í St. Jóh. stúkuna Eddu 14. maí 1927. Hann tók St. Andr.stigin í stúkunni De fire Roser í Árósum. Kapítulastigin tók hann í Landsstúkunni í Kaupmannahöfn. Árið 1937 tók hann IX stig þar og X 1946. Vilhjálmi var veitt stig R&K m.r.K. vorið 1950 í Kaupmannahöfn, en aðeins br. Sveinn Björnsson forseti Íslands hafði áður borið þetta merki, frá 1948, eftir daga br. Ludvigs E. Kaaber.

Br. Vilhjálmur var fyrsti Stj. Br. Frst. Rúnar á Akureyri 1931 og fyrsti Stm. St. Jóh.st. Rúnar sem vígð var 5. ágúst 1932. Hann var meðal stofnenda St. Andr.st. Helgafells sem vígð var 14. júlí 1934. Vilhjálmur var R. Stúartst. í Reykjavík frá upphafi 16. júlí 1934 og til 1940. Hann var Vm. St. Andr.st. Helgafells 1944-1947.

Br. Vilhjálmur var í bráðabirgðastjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi frá byrjun haustið 1940 og til 1942. Hann var ritari hennar og formaður Fjárhagsráðs á árunum 1942 til 1947 og Kanslari Reglunnar 1947 til 1951.

Í stríðslok 1945 átti br. Vilhjálmur Þór ásamt fleirum fundi í Kaupmannahöfn um óskir Íslendinga um að stofna sjálfstæða Frímúrarareglu. Hinn 4. janúar 1946 var umsókn send dönsku Reglunni. Og 16. september 1946 var skipuð viðræðunefnd og var br. Vilhjálmur skipaður í hana. Hinn 5. apríl 1947 lagði br. Vilhjálmur fram tillögur að framtíðarskipan Reglunnar og um haustið fóru fram fundir um málið í Kaupmannahöfn.

Hinn 30. september 1947 var veitt viðurkenning til undirbúnings að stofnun sjálfstæðrar íslenskrar Frímúrarareglu og landsstúku. Hinn 29. desember 1947 var br. Sveinn Björnsson, forseti Íslands, kjörinn fyrsti Stj. M. Frímúrarareglunnar á Íslandi. Á

sama fundi var fyrsta Æðsta Ráð skipað og var br. Vilhjálmur Þór fyrsti Stj. Kansl. þess. 7.-22. júlí 1948 kom dönsk sendinefnd til Reykjavíkur, hélt fundi og vígði hér Prebende Kapítulastúku á VIII stigi.

Hinn 3. október 1950 sóttu Íslendingar um lokaheimild til stofnunar. Og 13. október 1950 var samþykkt að Frímúrarareglan á Íslandi yrði stofnuð í júlí 1951.

Þegar Frímúrarareglan á Íslandi var stofnuð 23. júlí 1951 var br. Vilhjálmur Þór skipaður IVR en það embætti var þá næstæðsta embætti Reglunnar. Árið 1959 varð hann Staðgengill SMR og Stm. Landsstúkunnar, sem nú er HSM og DSM. Árið 1969 var ákveðið að embættisheiti br. Vilhjálms skyldi vera Reglumeistari og bar hann þetta sérstaka sæmdarheiti til dauðadags 1972, en enginn hefur borið það síðan.

Vilhjálmur Þór var í byggingarnefnd verðandi Regluheimilis frá

1941, varð formaður 1949 og gekkst fyrir framkvæmdum við hús Reglunnar við Borgartún, en þar hafði Reglan keypt verksmiðjuhús. Hinn 6. september 1947 vígði Vilhjálmur frímúrarahúsið á Akureyri. Frá 1964 leituðu frímúrarar að tækifærum til að stækka Regluheimilið í Reykjavík. Frá 1969 leiddi Vilhjálmur starfið og var núverandi Regluheimili við Skúlagötu vígt í ársbyrjun 1972, nokkru áður en hann lést.

Vilhjálmur Þór fæddist að Æsu-stöðum í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði 1. september 1899. Hann lést í Reykjavík 12. júlí 1972. Hann átti þess ekki kost að sækja fastan skóla lengi. Hann átti ekki nein efni til að styðjast við, skólagöngu, kunningjastoð eða frændgarð. Vilhjálmur varð fyrir því ungur að missa annað augað og gekk síðan með gerviauga. Eiginkona hans var Rannveig Elísabet Jónsdóttir frá Reyðarfirði og áttu þau þrjú börn.

Vilhjálmur Þór gekk á fermingaraldri í þjónustu Kaupfélags Eyfirðinga, KEA, á Akureyri. Fyrst var hann sendill, en vann sig upp til starfa á skrifstofu félagsins. Þá var félagið ennþá ungt og lítið í sniðum, en óx síðan hratt og eflist. Þegar Sigurður Kristinsson kaupfélagsstjóri tók við Sambandi íslenskra samvinnufélaga, SÍS, af Hallgrími bróður sínum, einum af stofnendum St. Jóh.st. Eddu, féll það í hlut Vilhjálms að taka við forstöðu félagsins sem kaupfélagsstjóri 1. júlí 1923, aðeins 23 ára að aldri. Þá tók við mesta framfaraskeið í sögu KEA, Akureyrar og byggðanna við Eyjafjörð. Miðbær Akureyrar breytti alveg um svip við stórbyggingar kaupfélagsins. Árið 1936 tók hann fyrst sæti í stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga SÍS, en KEA var jafnan ráðandi og leiðandi aðildarfélag Sambandsins.

Vilhjálmur Þór var formaður bjargráðanefndar eftir jarðskjálftana miklu á Dalvík 1934. Hann var fyrsti formaður Flugfélags Akureyrar árið 1937, en það varð síðar Flugfélag Íslands. Hann var bæjarfulltrúi á Akureyri 1934 til 1939. Hann var formaður byggingarnefndar Kristnesshælis 1930 til 1938 og formaður sjúkrahúsnefndar Akureyrar. Hann starfaði fyrir Akureyrarkirkju, Samvinnubyggingafélag Akureyrar og að undirbúningi Laxárvirkjunar.



*Vilhjálmur Þór.*

Árið 1938 varð Vilhjálmur aðalframkvæmdastjóri Íslandsdeildar heimssýningarinnar í New York. Jafnframt var hann ræðismaður Íslands, erindreki ríkisstjórnarinnar og verslunarerindreki. Störf Vilhjálms vestan hafs marka tímamót varðandi útflutningstækifæri, innflutningssambönd og landkynningu. Á næstu árum mótuðu þrír góðvinir utanríkis- og öryggismálastefnu Íslendinga, þeir br. Sveinn Björnsson ríkisstjóri og síðar forseti Íslands, br. Ásgeir Ásgeirsson alþingismaður og bankastjóri og síðar forseti Íslands, og br. Vilhjálmur Þór forstjóri og síðar bankastjóri, utanríkisráðherra og Seðlabankastjóri.

Vilhjálmur Þór tók við starfi bankastjóra Landsbanka Íslands 1. október 1940. Hann var formaður samninganefndar Íslands um viðskipti við Bandaríkin 1941. Árið 1942 varð stjórnarkreppa og tók Sveinn Björnsson ríkisstjóri það til bragðs að mynda utanþingsstjórn undir forsæti dr. Björns Þórðarsonar lögmanns. Hún tók til starfa 16. desember 1942 og starfaði til 21. október 1944. Vilhjálmur Þór fór með utanríkis- og atvinnumál í ríkisstjórninni. Meginverkefni ríkisstjórnarinnar var að stofna Lýðveldið Ísland og þeim árangri var náð á Þingvöllum hinn 17. júní 1944. Auk margs annars voru stigin grundvallarskref í íslenskri flugsögu. Haustið 1944 hélt Vilhjálmur Þór aftur til starfa í Landsbanka Íslands og gegndi þeim til ársloka 1945.

Hinn 1. janúar 1946 hóf Vilhjálmur Þór störf sem forstjóri Sambands ís-

lenskra samvinnufélaga, SÍS. Á árum hans varð Sambandið stórveldi í íslensku viðskiptalífi. Árið 1951 hafði Vilhjálmur forystu um þau tímamót að Sambandið stofnaði sérstakt úrvinnslu- og sölufyrirtæki fyrir íslenskar sjávarafurðir í Bandaríkjunum. 1956 eignaðist Sambandið langstærsta flutningaskip sem Íslendingar höfðu þá eignast, Hamrafell, og gerði það út um nokkurra ára skeið.

Það var Vilhjálmi mikið áfall að misferli kom upp í fyrirtækjum sem hann stýrði, olfumálið sem upp kom síðla árs 1958. Olíumálinu lauk með dómi Hæstaréttar 14. desember 1963. Kæruatriði voru 36 talsins og átta stjórnendur sættu kærur. Þáttur Vilhjálms Þór í málinu er aðeins sá að sem stjórnarformaður heimilaði hann millfærslu gjaldeyris í tilteknum viðskiptum sem háð voru gjaldeyrisleyfi. Hann vissi ekki einu sinni af því að eftirmenn hans létu undir höfuð leggjast að ljúka þessu fyllilega og réttilega. Ábyrgð hans varðaði einfalda fjársekt en var fyrnd þegar dómur féll. Hann hafði mikil óþægindi af þessu og tók það nærri sér.

Þegar Vilhjálmur skilaði búi Sambandsins af sér í árslok 1954 var það sammæli allra að ótrúlegum kafla væri að ljúka í íslenskri atvinnusögu. Hinn 1. janúar 1955 kom Vilhjálmur Þór aftur til starfa í Landsbanka Íslands. Hann varð 1957 aðalbankastjóri Landsbanka Íslands – Seðlabankans eins og stofnunin hét þá. Þegar Seðlabanki Íslands varð sérstök stofnun með lögum vorið 1961 varð Vilhjálmur seðlabankastjóri til 1. nóvember 1964 þegar hann lét af störfum vegna aldurs. Þá hélt hann til starfa í bankastjórn Alþjóðabankans í Washington-borg í Bandaríkjunum. Þjuggu þau hjónin vestan hafs til 1969.

Vilhjálmur Þór var barn síns tíma. Hann var samvinnumaður, en hann var líka sóknarmaður, stórveldismaður og heimsborgari. Hann vann gott verk við mótun íslenskra utanríkis mála, viðskipta- og bankamála og við stofnun Lýðveldisins Íslands. Á engan er hallað þegar staðhæft er að Vilhjálmur Þór var einhver öflugasti maður sinnar kynslóðar. Slíkir afburðamenn og yfirburðamenn eru ekki auðfundnir í hverri kynslóð.

*Jón Sigurðsson DSM*



*Farið hefur verið með erlenda gesti á siglingu um Eyjafjörð dagana í kringum Jónsmessufundi og hefur gleðin verið ósvikin þegar sá guli hefur gefið sig í firðinum fagra.*

# Rúnarbræður blása til alþjóðahátíðar sumarið 2017

Helgina 23.-24. júní 2017 munu Rúnarbræður á Akureyri bjóða til hátíðar. Árlegur Jónsmessufundur verður með öllu meiri dagskrá en vanalega þar sem fléttað verður inn dagskrá fyrir og eftir fund með þátttöku systuranna.

Markmið hátíðarinnar er að efla og auka bræðralag, vináttu og samkennd meðal bræðranna. Einnig verður minnst 300 ára stofnunnar United Grand Lodge of England – UGLE.

Búist er við allnokkrum fjölda erlendra bræðra, m.a. frá Englandi, Skotlandi og Norðurlöndunum.

Um nokkurt skeið hefur Þorsteinn Pétursson, sem almennt er þekktur sem Steini Þjé, haft á orði að gaman væri að Rúnarbræður efndu til veglegs Jónsmessufundar þar sem bræður af öllu landinu yrði hvattir til að mæta ásamt mökum sínum og jafnvel

fjölskyldum til Akureyrar. Það er svo að dropinn holar steininn og þegar Steini fékk bræðurna Kristján Má Magnússon og Hannes Garðarsson í lið með sér að leggja drög að dagskrá og fyrirkomulagi fóru hjólin að snúast.

Jónsmessufundur Rúnar hefur verið haldinn 24. júní ár hvert og hefur hann jafnan verið vel sóttur, eithvað á annað hundrað bræður hafa þar notið samfunda meðan úti er sumarið í algleymi.

Hátíðin mun hefjast föstudagskvöld 23. júní með móttöku í Flugsafni Íslands á Akureyri með léttum veitingum og dagskrá. Laust fyrir miðnætti verður í boði sigling um Eyjafjörð, vonandi til móts við miðnætursólina.

Á laugardegnum verða í boði ferðir í nágrenni Akureyrar. Jafnframt taka Rúnarbræður á móti bræðrum

og systur með álfka áhugamál. Hugmyndir eru uppi um að mótorgjólamenn, hestamenn, golfarar og blómaáhugamenn, svo eithvað sé nefnt, eigi saman góðar stundir.

Jónsmessufundurinn hefst kl. 17 í Frímúrarahúsinu. Eftir fund verður glæsilegur hátíðarkvöldverður með systrunum í Íþróttahöllinni. Undir borðum verða vönduð tónlistaratriði flutt af bræðrum.

Vegna húsnæðis þarf að takmarka þátttökufjölda bræðra. Opnað verður fyrir bókanir 15. janúar 2017. Ætlunin er að skráning fari fram á heimasíðu Reglunnar.

Það er von Rúnarbræðra að sem flestir bræður taki þátt í þessari hátíð með þeim ásamt mökum sínum.

## Akureyri



*Kristinn er þekktur göngumaður og margir Akureyringar eru vanir að sjá hann á rúllugönguskíðum í snjóleysi.*

Kristinn Eyjólfsson, Stm. Rúnar:

## Frímúrararastarfið nauðsynlegt

St. Jóh.st. Rún er næst elsta St. Jóh.st. á Íslandi á eftir St. Jóh.st. Eddu. Rún var stofnuð 5. ágúst 1932 og núverandi Stm. hennar er Kristinn Eyjólfsson. Hann var settur í embætti þann 30. mars 2016 af SMR, Vali Valsyni.

Kristinn fæddist á Kálfafelli í Suðursveit í A.-Skaftafellssýslu 8. febrúar 1946. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni árið 1967 og var Cand Med frá Háskóla Íslands árið 1976. Kristinn fékk almennt lækningaleyfi tveimur árum síðar og í Svíþjóð 1982. Hann sérhæfði sig í barnalækningum en starfsvettvangur hans hefur verið heimilislækningar frá árinu 1985 á Akureyri þar til hann lét af störfum vegna aldurs.

Kristinn gekk í St. Jóh.st. Rún árið 1996 og hefur m.a. gegnt embættum VI, L og Vm. um árabil og er bræðrum víða um land, ekki síst nyrðra, vel kunnur fyrir störf sín fyr-



ir Regluna. En hvers vegna tók hann þá ákvörðun á sínum tíma að sækja um í Frímúrarareglunni?

„Ég vissi lítið sem ekkert um Frímúrararegluna þegar ég sótti um, en ég held að það sem gerði útslagið var að ég átti góða veiðifélaga sem allir voru frímúrarar og það hvatti mig til þess að skoða þennan félagsskap og

loks sækja um.“

Kristinn segir að sér hafi verið mjög vel tekið strax í upphafi og hann hafi upplifað að hann ætti heima í þessum félagsskap, þar sem honum leið og vel og starfið var gott.

„Ég held að frímúrarastarf á Íslandi sé nauðsynlegt, þar sem það er svo margt sem Frímúrarareglan hefur upp á að bjóða, sem felst meðal annars í eftirfarandi: Heiðarleika, kærleika, umburðarlyndi, góðu siðgæði og gott er að muna að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.“

Kristinn er unnandi íslenskrar náttúru og því ekki úr vegi að forvitnast örlítið um uppáhaldsjurt úr íslenskri flóru.

„Mín uppáhaldsjurt í íslensku flórunni er íslandsfífill. Hann er svo tignarlegur og finnst ekki alls staðar. Íslandsfíffilsins leita ég jafnan þegar ég geng í íslenskri náttúru, sem ég geri mikið.“

## Akureyri



Enskir bræður stilltu sér upp fyrir myndatöku með Rúnarbræðrum.

## Rúnarbræður á erlendri grund

Viku af september héldu fjórir Rúnarbræður til Englands. Við sóttum þrjá frímúrara-fundi á þrem dögum, fyrst upptöku á 1<sup>o</sup> í London, þá innsetningu Stólmeistara í Lyvington í Hampshire og skemmtum við honum með söng. Loks sóttum við kapítulafund í

Portsmouth. Allt var með öðru sniði á þessum fundum en við eigum að venjast svo of langt yrði upp að telja. Á hverjum stað minntumst við hógværliga á fyrirhugaðan Jónsmessufund Rúnar 2017 helgaðan 300 ára afmæli Stórstúkunnar á Englandi. Ætla

nokkrir bræður þaðan að heiðra okkur með nærveru sinni. Þessi ferð var skemmtileg lífsreynsla en upp úr stendur hve vel og bróðurlega var alls staðar tekið á móti okkur.

*Stefán Steinsson*

### Jónsmessuhátíð Rúnar 2017

– bræður og systur verið velkomin til Akureyrar

helgina 23.-24. júní 2017

Vegleg Jónsmessuhátíð með hátíðarkvöldverði með systur

Móttaka í Flugsafni Íslands á föstudagskvöldinu

Rúnarbræður bjóða gestum með álika áhugamál til sín fyrri hluta laugardagsins

Jónsmessufundur með þátttöku allt að 350 bræðra þar af allt að 100 erlendra

Skráning og nánari upplýsingar verða á heimasíðu reglunnar

Eflum og aukum bræðralag, vináttu og samkennd

**St. Jóhannesarstúkan RÚN**



## Akureyri

# Jónsmessufundur á Akureyri

St. Jóh.stúkan Rúnar var stofnuð á Akureyri þann 5. ágúst 1932. Bræður úr móðurstúku Rúnar, St. Jóh.st. Eddu í Reykjavík, sáu um framkvæmdina. Stofnendur Rúnar voru 21 talsins og þar af voru þrír bræður búsettir utan Akureyrar. Þarna hófst strax það öfluga starf sem síðan hefur einkennt frímúrarastarf á Akureyri allt frá fyrsta degi og fram til þessa dags.

Frá upphafi voru fundir nokkuð margir og þá strax tekin ákvörðun um að halda alltaf fund, Jónsmessufund, þann 24. júní ár hvert. Þessir fundir skyldu haldnir til heiðurs Jóhannesi skírara sem Jóhannesarstúkur eru kenndar við. Þrátt fyrir það að þessi fundur sé í svokölluðu sumarleyfi frímúrarastarfs hefur þessi fundur alltaf verið vel sóttur og bræður á Akureyri leggja mikið í framkvæmd hans. Mikill fjöldi gesta sækir okkur alltaf heim og oft hafa verið erlendir frímúrarar á fundinum sem þá oft eru hér á ferð og fréttu af honum.

Fundurinn árið 2007 er okkur

minnisstæður þar sem þá hafði verið fundur nokkurra æðstu embættismanna á Norðurlöndunum hér á Akureyri dagana áður og að sjálfsögðu mættu þeir til fundarins. Þá voru á fundinum enskir frímúrarar í boði eins Rúnarbróður sem hafði kynnst þeim á frímúrarafundum í Englandi. Alls voru gestir frá fimm löndum á gestalistanum ásamt bræðrum úr mörgum íslenskum stúkum.

Sænskir bræður okkar sem hér voru skrifuðu grein í sænska frímúrarablaðið um fundinn og áttu ekki orð til að lýsa honum og því öfluga starfi sem hér er í þessum litla bæ. Í blaðinu skrifuðu þeir m.a.: „Sunnudaginn 24. júní 2007 skein sólin frá heiðum himni og hitamælirinn vísaði þó nokkuð hátt. Það var heitt í kjölfötum og í frakka þegar við fórum til fundar, en við bjuggum á góðu hóteli í gangfæri við hið glæsilega hús bræðra okkar sem stendur milli hárra fjalla og sjávar á mjög fallegum stað. Þegar Stólmeistarinn Ólafur Ásgeirsson sló

hamrinum í borðið vissu allir hvað það þýddi og fundurinn hófst. Eftirminni-legt var að þegar fundinum lauk þá biðu bræðurnir hver eftir öðrum og tókust í hendur og sögðu „Góðar stundir.“ Bróðurmáltíðin var eins og annað á fundinum hin glæsilegasta og þar voru fluttar kveður og ávörp.“ Með greininni fylgdu nokkrar myndir frá borðhaldi o.fl.

Nú síðustu ár hefur það verið í boði eftir fundinn að fara í miðnætursiglingu með bátnum Húna II, en honum stýra góðir Rúnarbræður. Á bátinum er siglt inn í sólarlagið í eiginlegri merkingu en það er ægífagurt þegar sólin sest í mynni Eyjafjarðar og skín á haffletinum. Oft eru hljóðfæri með í þessum ferðum og þá er mikið sungið. Þetta kvöld getur verið bræðrunum ógleymanlegt þegar saman fer góður fundur og gott veður.

*Ólafur Ásgeirsson, fv. Stm. Rúnar*



*Erlendum gestum er jafnan fagnað vel á Jónsmessufundum. Hér sést fv. SMR, Sigurður Örn Einarsson, fagna erlendum bróður á slíkum fundi.*



Stíkuhúsið á Húsavík.

# Saga Draupnis á Húsavík

Saga Bræðrafélagsins Draupnis á Húsavík og síðar St Jóhannesarstúkunnar Draupnis hófst þegar Grímur Leifsson, rafvirki á Húsavík og Mímisbróðir, kom að máli við Helga Valdimarsson Mímisbróður haustið 1979 sem þá stóð fyrir byggingaframskipunum á Húsavík. Grímur vildi fá Helga til að vera í forsvari fyrir stofnun frímúrarastúku á staðnum. Helgi var í upphafi tregur til verksins enda hafði hann komið til Húsavíkur atvinnu sinnar vegna. Hann vildi þó vinna að verkefnum Reglunnar eftir mætti. Á Húsavík og nágrenni voru þá búsettir nokkrir frímúrararbræður, nokkrir Mímisbræður og Rúnarbræður.

Síðla sama haust voru Rúnarbræður staddir hjá Grími Leifssyni að hans frumkvæði en hann var þá ungur og áhugasamur í Reglunni. Hann boðaði Helga Valdimarsson á þennan fund og fleiri. Þar voru staddir m.a. Ragnar Steinbergsson, Stm. Rúnar, og Þórður Gunnarsson, Stm. Stúartstúkunnar. Á fundinum var lagt að Helga að standa fyrir stofnun Bræðrafélags frímúrarara á Húsavík. Helgi tók verkefnið að sér eftir eindregna hvatningu

heimamanna og Rúnarbræðra. En ljóst var að Rún yrði verndarstúkan.

Helgi hófst þegar handa og stefndi að stofnun Bræðrafélags strax á vordögum ef tilskilin leyfi fengjust. Það tókst og stofnfundur var ákveðinn 7. maí 1980. Stofnfundur Bræðrafélagsins Draupnis á Húsavík og nágrennis var haldinn á Hótel Húsavík miðvikudaginn 7. maí 1980 kl. 17.00. Stofnfélagar voru þessir: Helgi Valdimarsson, Sigurður Guðmundsson, Gústav Axel Guðmundsson, Einar Pálsson, Grímur Leifsson, Jóhann Kristinn Jónsson, Ólafur Valberg Skúlason, Richard Sigurbaldursson, Björn Guðmundsson og Völundur Hermóðsson.

Auk þeirra sátu 28 Rúnarbræður fundinn. Indriði Pálsson, Dróttseti Reglunnar, sat fundinn. Stofnfundinn setti Stm. Rúnar, Ragnar Steinbergsson og las upp stofnskrá og lögleiddi Bræðrafélagið. Formaður var kjörinn Helgi Valdimarsson og tók við fundarstjórn. Á milli fundar og bróðurmáttíðar var viðstöddum boðið að skoða hús það sem bræðurnir höfðu keypt að Árgötu 14 á Húsavík.

Um nafngiftina á félaginu, sem sr. Sigurður Guðmundsson á Grenjaðar-

stað hafði stungið upp á, segir í Snorra-Eddu: Þegar bálfor Baldurs var gerð þá lagði Óðinn „á bálið gullhring þann er Draupnir heitir. Honum fylgir sú náttúra að hina níundu hverja nótt drupu af honum átta gullhringar jafnhöfgir.“

Þeim 10 bræðrum sem stofnuðu Bræðrafélagið bættist fljótlega liðs- auki þegar fjórir ungbæður gengu til liðs við Regluna og gerðust síðan stofnfélagar St Jóh. fræðslustúkunnar sem nú var farið að ræða um í alvöru að koma á fót. Þessir bræður voru: Einar Fr. Jóhannesson, Einar Njálsson, Jón Þorgrímsson og Ólafur Atlason. Auk þeirra gerðist sr. Friðrik A. Friðriksson stofnandi fræðslustúkunnar. Hann var þá orðinn mjög aldraður en hann var gamall Rúnarbróðir. Hann hafði lengst af þjónað á Húsavík og síðast á Hálsi í Fnjóskadal.

Á fimmta fundi Bræðrafélagsins var borin upp tillaga um að breyta Bræðrafélaginu í Fræðslustúku. Mál- ið var rætt á flestum fundum fram til vorsins 1981. Stefnt var að því að stofna St. Jóh. fræðslustúkuna Draupni á ársafmæli Bræðrafélagsins





*Aðstaða til borðhalds er hin besta á Húsavík.*

7. maí 1981. Með samstilltu átaki og mikili vinnu Draupnisbræðra þá tókst þetta. Stofnfundur St. Jóh. fræðslustúkunnar Draupnis var haldinn í húsakynnum að Árgötu 14 á Húsavík fimmtudaginn 7. maí 1981 kl. 19.00. Stm. Rúnar, Ragnar Steinbergsson, setti stofnfund Draupnis og mælti fyrir um að breyta Bræðrafélaginu í St. Jóh. fræðslustúku undir umsjá og vernd St. Jóh.st. Rúnar á Akureyri. Sr. Sigurður Guðmundsson var kjörinn og skipaður Stj. Br. á þessum stofnfundi og tók því næst við embætti og stjórnaði stúku sinni. Stofnfélagarnir voru Bræðrafélagsbræðurnir 15 og gestir á fundinum voru 21 Rúnarbróðir, 1 Mímisbróðir og 1 Mælifellsbróðir.

Mikill vöxtur var í starfinu öllu. Haustið 1985 voru fest kaup á hús-næði að Garðarsbraut 62 í kjallara en þá höfðu 12 bræður bæst í hópinn. Húsið var tilbúið undir tréverk og mikil vinna við standsetningu. Fyrsti fundur í húsinu var haldinn 6. apríl

1986 og voru 75 bræður af landinu öllu á þeim hátíðarfundum.

Frá upphafsdegi Draupnis hafa 6 Stj. Br. verið við störf og hvatt bræður til dáða. Þeir eru: Sr. Sigurður Guðmundsson frá 1981-1987, Jóhann Kr. Jónsson frá 1987-1993, Sigurgeir Aðalgeirsson frá 1993-2002, Sigurður Brynjúlfsson frá 2002-2008, Eiður Árnason frá 2008-2014 og sr. Sighvatur Karlsson frá 2014.

Það er vert að geta þess að starfsárið 2016-2017 gegna þrír kennimenn embættum hjá Draupni. Sr. Sighvatur Karlsson, Húsavík, gegnir embætti Stj. Br. Draupnis. E. Vb. er sr. Þorgrímur Daníelsson, Grenjaðarstað og Y. Vb. er sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur á Skinnastað.

Draupnisbræður horfa vonarríktum augum til framtíðar og stefna ótrauðir að því að á Húsavík verði stofnuð fullkomin stúka í náinni framtíð þegar draumar fólks um verulega atvinnuuppbyggingu hafa ræst á svæðinu.

Á 10 ára afmæli Fræðslustúkunnar Draupnis flutt br. Einar Njálsson erindi. Lokalnurnar voru þessar sem eiga enn vel við: „Hér sitjum við nú saman, nokkrir dropar úr mannhafi óendanleikans. Í okkur býr græðandi og lífgandi kraftur. Sameinaður bróðurhugur okkar getur leyst úr læðingi mikið ljós. Hinu liðna geta menn aldrei breytt, aðeins dregið af því lærdóm. Nútíðina og framtíðina höfum við á valdi okkar. Ég óska að þar megi ríkja hin konunglega íþrótt.“

7. maí er Draupnisbræðrum kær. Það er fallegur dagur til lokafundar með bræðrum nær og fjær. Allt líf að kvikna úti fyrir. Og innra fyrir brenna hjörtu bræðranna fyrir framtíðinni. Góðar stundir.

*Sighvatur Karlsson  
Stj. Br. Draupnis*



*Rúnarbræður og gestir í matsal stúkuhússins á Akureyri.*

# Umfangsmikið frímúrararastarf í Rún



*Stúkuhúsið á Akureyri.*



Ljósmynd: Páll A. Pálsson



Ljósmynd: Páll A. Pálsson

*Núverandi og fyrrverandi Stm. Rúnar ásamt Vali Valssyni, SMR. Talið f.v.: Sigurður Jóhannesson, Aðalsteinn Júlíusson, Kristinn Eyyjólffson, Valur Valsson, Ólafur Ásgeirsson og Hreiðar Hreiðarsson.*



Úr enskum stúkusal.

## Stórstúkurnar á Englandi 1717-1813

Á árinu 2017 verður haldið upp á 300 ára afmæli Frímúrarahreyfingarinnar í heiminum. Saga hennar er, samkvæmt hefðinni, rakin til stórstúkunnar í London, sem sögð er vera fyrsta stórstúka í heimi. Sameinuð ensk stórstúka (United Grand Lodge of England) varð þó ekki til fyrr en árið 1813 með samruna tveggja, sjálfstæðra stórstúkna, sem þá höfðu verið starfandi á Englandi um langt skeið. Fleiri stórstúkur litu dagsins ljós á Englandi á átjándu öldinni vegna deilna um grundvöll og starfshefðir frímúrarastarfsins. Í greininni verður stuttlega sagt frá þeim.

### Stórstúkan í London og Westminster (1717)

Samkvæmt frásögninni sem birt var í þeirri grundvallarskipan frímúrara, sem gefin var út í London árið 1738, komu fjórar stúkur í London og Westminster saman á Jónsmessu árið 1717 og héldu sam-

komu og hátíð (Assembly and Feast). Þessi samkoma er jafnan talin marka upphafið að ensku stórstúkunni og er hún því sögð stofnuð á þessum degi, 24. júní 1717. Árið áður hafði verið haldin tímabundin stórstúka (Grand Lodge pro tempore) á sérstökum undirbúningsfundi sömu stúkna og var þar ákveðið að kjósa stórmeistara á fyrirhugaðri samkomu og hátíð árið 1717. Starfsreglur fyrir stórstúkuna (General Regulations) voru, samkvæmt grundvallarskipan hennar sem gefin var út árið 1723, teknar saman í þrjátíu og níu liðum af þáverandi stórmeistara árið 1720 og síðan formlega samþykktar af stórstúkunni á Jónsmessu árið 1721.

Í starfsreglunum frá 1721 var tekið fram að allar stúkur skyldu starfa samkvæmt sama siðakerfi, en fram til þess tíma er algerlega óvíst hvort stúkur frímúrara í London, og ekki síður annars staðar á Englandi, störfuðu samkvæmt sömu siðum. Talið er

þó að flestar gömlu stúkurnar hafi haft aðgang að einu eða fleirum af miðaldahandritunum sem geymdu fornar skyldur [frí]múrara (Old Charges) og að þær hafi þannig haft hliðsjón af fræðum fyrri tíma, en um starfsemina sem slíka eru litlar heimildir.

Í starfsreglunum var einnig tekið fram að nýjar stúkur mætti ekki stofna og þær ekki starfa án samþykkis stórmeistarans. Sömuleiðis eru þar ströng ákvæði um það hvernig starfandi stúkur skulu standa að inntöku nýrra meðlima. Ljóst virðist að stefnt var að því, með þessum reglum, að nýja stórstúkan samræmdi og hefði eftirlit með starfsemi stúknanna á Lundúnasvæðinu. Sumum gömlu stúkunum líkuðu ekki þessi áform og vildu viðhalda sjálfstæði og sérstöðu sinni. Þær töldu sig starfa í fullu samræmi við gömlu handritin og forna siði og ekki vera skuldbundnar neinum nýjum reglum.

Fljótt eftir að stórstúkan var stofnuð hófu að birtast á prenti svenfndar uppljóstranir (exposures) sem þóttust lýsa leyndarmálum frímúrara, svo sem fræðum þeirra eða siðum. Uppljóstranirnar birtust ýmist í blöðum þess tíma, sérstökum bæklingum eða bókum og voru ætlaðar forvitnum almenningi, ýmist sem skemmtiefni eða sem viðvörðun gegn þessum leyndardómsfullu samtökum, sem ósjaldan voru talin fela illan tilgang sinn með leyndinni. Sumum þessum uppljóstrunum virtist ætlað að birta upplýsingar sem nægðu til þess að aðrir en frímúrarar gætu óhikað mætt á lokaða fundi stúknanna. Stórstúkan hafði skiljanlega áhyggjur af því að einkamál frímúrara væru borin á torg og brást við uppljóstrunum með því að gera vissar breytingar á siðum sínum, meðal annars til þess að hindra að óviðkomandi aðilar gætu komist inn á stúkufundi. Þessar breytingar frá hinu gamla siðakerfi urðu síðar, ásamt öðru, til þess að valda ágreiningi meðal stúknanna á Englandi á átjándu öld.

### Stórstúkur á Írlandi og í Skotlandi


Meðan á þessu stóð voru stofnaðar sjálfstæðar stórstúkur á Írlandi (1725) og í Skotlandi (1736). Þær munu fyrst og fremst hafa starfað samkvæmt gömlu handritunum og siðum eldri stúkna í hvoru landi fyrir sig og fylgt sinni eigin grundvallarskipan, en ekki tekið nákvæmlega upp reglur stórstúkunnar í London. Því mun hafa komið fyrir að frímúrarar frá starfssvæðum þeirra fengju ekki þær móttökur sem þeir væntu við heimsóknir í Lundúnastúkurnar og að þeim hafi jafnvel verið neitað um þátttöku í fundum þeirra. Þetta varð síðar að ágreiningsefni.

### Stórstúkan í Jórvík (1725)

Starfsemi frímúrara átti sér einnig langa sögu í borginni Jórvík (York) á Englandi. Hin forna arfsögn (York Legend) rakti sögu hennar að minnsta kosti til ársins 925, er samkoma [fr]ímúrara (Assembly) var haldin þar í stjórntíð Aðalsteins Englakonungs (924-939). Víst er einnig að heitið „stórstúka“ hafði verið notað um stúku sem starfaði í Jórvík áður en stórstúkan í London og Westminster var stofnuð. Fyrir árið 1725 mun

þessi stúka í Jórvík hafa borið heitið „Hið forna og virðulega félag og bræðralag frímúrara, sem komið hafa saman í borginni Jórvík frá ómunatíð“. Sú stúka var greinilega ekki reiðubúin að beygja sig undir stjórn og eftirlit stórstúkunnar í London og Westminster þegar hún, 27. desember árið 1725, tók upp nýtt heiti „Stórstúka alls Englands sem heldur fundi í borginni Jórvík“. Hún kaus stórmeistara og setti sér þegar í stað reglur eða grundvallarskipan og mun hafa lagt gömlu handritin til grund-

vallar siðum sínum og fræðum. Fundir stúkna voru eftir það ekki haldnir á heimilum meðlimanna, eins og tíðkast hafði, heldur á krám eða veitingahúsum. Samskipti stúkunnar í Jórvík við stórstúkuna í London munu þó frá upphafi hafa verið fremur vinsamleg og að mestu í anda gagnkvæmrar viðurkenningar. Heimildir eru um starfsemi fyrstu árin, en um 1730 lagðist hún alveg af. Árið 1761 var stórstúkan í Jórvík endurreist og mun hafa starfað þar til ársins 1792. Á þeim tíma eru heimildir fyrir því að





*Bakað úr  
náttúrlegum hráefnum  
síðan 1834*

**Öll rúnstycki á**



**Fagmenska tryggir gæðin**



**80  
kr. stk**

**ATH: nýtt heimilisfang**

Klapparstíg 3 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - [www.bernhoftsbakari.is](http://www.bernhoftsbakari.is)

hún hafi gefið út starfsleyfi fyrir þrettán frímúrarastúkum og starfað sem yfirstjórn viðkomandi stúkna.

### Stórstúka hinnar fornu frímúrunar (1751)

Árið 1751 varð til ný stórstúka í London, en hana stofnuðu sex starfandi stúkum, sem þá heyrðu ekki undir fyrstu stórstúkuna í London. Sagan segir að meðlimir að minnsta kosti fimm þessara stúkna hafi að mestu verið af írskum uppruna og að þeir hafi ekki verið viðurkenndir sem frímúrarar í London og ekki fengið þær móttökur í enskum stúkum sem vænst var. Það er talið hafa verið vegna þess að írsku stórstúkan starfaði samkvæmt sinni eigin grundvallarskipan, en einnig vegna þess að írsku frímúrararnir voru margir af mun lægri stigum en heldri bræðurnir og aðalsmennirnir í Lundúnastúkunum. Mikilvægasta atriðið var þó að lokum það að meðlimir þessara sex stúkna töldu stórstúkuna í London ekki halda nógu vel í heiðri hinar fornu skyldur (old charges) og síði frímúrarara. Ágreiningurinn var því alvarlegur, varðaði sjálfan grundvöll frímúrarastarfsins og tryggð við forn fræði og fundarsíði stúknanna. Nýja stórstúkan fékk heitið „Hið forna og hávirðulega félag frjálsra og viðurkenndra frímúrarara samkvæmt hinni gömlu grundvallarskipan“. Til að aðgreina sig frá eldri stórstúkunni og til að leggja áherslu á tryggð sína við hin fornu fræði, tóku meðlimir nýju stórstúkunnar fljótt upp heitið „fornfrímúrarar“ (Antients eða Ancients) og kenndu jafnframt meðlimi hinnar upphaflegu stórstúku við rótlaus nútímaviðhorf með því að nefna þá „nýfrímúrarar“ (Moderns). Þessi forna stórstúka gaf brátt út sína eigin grundvallarskipan (Ahiman Rezon, 1756), sem byggðist á írsku grundvallarskipaninni, og safnaði brátt undir sína stjórn fjölda frímúrarastúkna, bæði nýjum og gömlum. Ágreiningurinn hélst næstu áratugina og viðurkenndu stórstúkurnar ekki hvor aðra né bræðurna sem fullgilda frímúrarara. Þegar þessar tvær stórstúkum sameinuðust loks með formlegu samkomulagi (Articles of Union) árið 1813, að undangengnum fjögurra ára samningaviðræðum, munu stúkum „fornu“ stórstúkunnar þá hafa verið orðnar um 360 talsins, en samanlagt urðu stúkum undir



verndarvæng sameinuðu stórstúkunnar um 650 talsins. Sagan segir síðan að ný grundvallarskipan Sameinuðu ensku stórstúkunnar, sem brátt var gefin út, hafi tekið fullt tillit til hinna fornu fræða og síða.

### Stórstúkan sunnan við ána Trent (1778)

Árið 1778 varð alvarleg misklið milli Stórstúkunnar í London og Westminster og einnar af stofnstúkunum (Lodge of Antiquity). Stórstúkan hafði þá bannað frímúrarastúkunum að standa fyrir skrudgöngum á almannaferi, en á degi Jóhannesar guðspjallamanns 27. desember 1777 gengu bræður í þessari fornfrægu stúku til guðspjónustu í nálægri kirkju og síðan í fullum skrudum til fundarstaðar stúkunnar. Þetta var kært til stórstúkunnar, sem ávítaði bræðurna sem í hlut áttu, en þeir vörðu sig með þeim röksemdum að þessi upprunalega stúka tæki einungis mark á hinum fornu skyldum og að síðari tilskipanir stórstúkunnar ættu ekki við um hana. Deilan náði hámarki ári seinna þegar viðkomandi bræður voru reknir úr stórstúkunni og stofnuðu sérstaka stúku sem fékk heitið „Stórstúka alls Englands sunnan við ána Trent“. Viðurkenningu og starfsleyfi fengu þeir frá stórstúkunni í Jörvík og héldu uppi sinni eigin starfsemi til ársins 1788 og höfðu þá gefið tveimur venjulegum stúkum starfsleyfi undir sínum verndarvæng. Deilunni lauk með því að stórstúkan í London bauð sættir og tók við stúkunum og bræðrunum sem fullgildum meðlimum.

### Lokaorð

Því fer fjarri að fyrstu hundrað ár frímúrarastarfseminnar á Englandi hafi verið átakalaus. Auk þess ágreiningss sem hér hefur verið sagt frá, geisaði barátta um konungdæmið, pólitískar stefnur, um trúarstefnur, um þjóðfélagsstöðu og um menntun og kjör stéttanna. Líklegt er að fjölmargir frímúrarar hafi tekið afstöðu sem einstaklingar, en óvíst er þó hvort þessi samfélagsátök hafi á einhvern hátt tengst þeim ágreiningi sem hér að framan er lýst. Frímúrarastarfsemin var iðulega tortryggð vegna leyndarinnar og við lá að hún væri bönnuð. Grundvöll hennar og vísu fornra fræða tókst þó að varðveita og fyrir það getum við síðari tíma frímúrarar verið þakklátir.

*Jóhann Heiðar Jóhannsson*

 **SOL  
GRYNN**®

*Holl, ristuoð hafragryjón*

SVAFAR & HERMANN

*Kvedja*  
útfararstofa 

Virðing,  
reynsla  
& þjónusta

Allan  
sólarhringinn

571 8222

Svafar:

820 3939

Hermann:

820 3938

Ingibjörg:

820 3937



[WWW.KVEDJA.IS](http://WWW.KVEDJA.IS)





Séra Þórir Stephensen flytur predikun sína í Dómkirkunni.

Ljósmynd: Ólafur Stephensen

Séra Þórir Stephensen, fv. Dómkirkjuprestur, predikaði á 220 ára afmælishátíð Dómkirkjunnar í Reykjavík:

# Elskum hvert annað, þá mun okkur vel farnast

Séra Þórir Stephensen, fv. Dómkirkjuprestur og fv. Æðsti Kennimaður Frímúrarareglunnar, flutti eftirminnilega predikun á 220 ára afmælishátíð Dómkirkjunnar í Reykjavík og sagði þar m.a.:

„Alþingiskosningar eru að baki, spennandi kosninganótt einnig og framundan eru miklar vangaveltur um framtíð lands og þjóðar. Munu háleitar hugsjónir ráða eða lævísi og lágkúra? Við ræðum það ekki hér, og

þó. Í prédikunarstólum kirkjunnar er nánast alltaf verið að ræða þann grundvöll, sem þjóðmálin þurfa að byggja á, eigi þau að leiða til farsældar. Hér er umræðan ævinlega um nauðsyn vináttu, kærleika og sannleika – um jafnrétti og bræðralag, um kvenfrelsi og rétt lítilmagnans. Boðskapur kirkjunnar geymir nefnilega kjölfestuna bæði í lífi einstaklings og landslýðs alls. Þjóðarskútunni verður aldrei siglt fullum seglum, nema kjöl-

festan sé í lagi. Af þessu leiðir, að einstaklingurinn á meira erindi í kirkju en hann gerir sér almennt grein fyrir.“

Síðar sagði sr. Þórir:

„Opinberunarbókin geymir frásagnir af vitrunum Jóhannesar postula, sem var verndardýrtingur Reykjavíkurkirkju á kaþólskri tíð. Bókin er skrifuð í upphafi þess tíma, er kristnir menn voru ofsóttir fyrir það eitt að neita að tilbiðja keisarann

sem guð. Það var m.a. sú eilífðarsýn, sem Jóhannes gaf þeim í þessu riti, er olli því, að þeir óttuðust hvorki keisarann né dauðann og fórnudu glaðir lífi sínu fyrir Krist. Blóð píslarvottanna varð svo sterkasta sáðkornið á akri kristniboðsins og olli því að síðasti ofsóknakeisarinn lést með fræg orð á vörum: „Þú hefur sigrað Galílei.“

Við vitnum gjarnan til ritningar-textans við jarðarfarir. Hann gefur svo sterka sýn inn í hina nýju, andlegu veröld, sem bíður okkar handan við móðuna miklu. Efnisheimurinn hrjáir okkur þá ekki lengur. Dauðameinin eru okkur þá sjálf dauð, sjúkdómarnir, glæpirnir, hryðjuverkin, styrjaldirnar. Þess vegna er hvorki harmur né vein né kvöl frammar til af því að Guð gjörir alla hluti nýja. Hann tekur okkur sér við hönd og leiðir okkur til móts við það, sem ég hef svo oft skýrt með orðum skáldsins um „nóttlausa voraldar veröld, þar sem víðsýnið skín.“

En allt þetta á einnig og ekki síður við um daginn í dag. Lífið er í raun bara eitt, og það byrjar hér. Jörðin er athafnasvið okkar frá fæðingu til dauða. Hann, dauðinn, er svo dyr að æðra lífsformi sem þá tekur við og Jóhannes lýsti svo fagurlega. Þegar kirkja var fyrst reist í Reykjavík, nálægt árinu 1000, urðu spádómsorðin staðreynd fyrir íbúa hennar. Tjaldbúð Guðs, dvalarstaður hans, heimkynni kærleikans var komið til að vera hér meðal fólksins, af því að hann vildi búa meðal þeirra, verða sterkasti veruleiki lífs þeirra, taka þátt í kjörum þeirra, veita þeim með boðskap sínum og andlegum styrk, dýrmætustu hjálpina, þegar glímt er við erfiðleikana og barist upp á líf og dauða. Þetta er sú arfleifð, sem hefur gengið frá kyni til kyns og er í okkar höndum í dag. Samnefnari alls þessa er kærleikur, kærleikur sem kemur með því, að Guð gerir sér bústað meðal okkar. Og þessi þúsund ára gamli boðskapur hefur ekki farið erindisleysu.

Barnaútburður og þrælalald heyrðu brátt sögunni til. Vopnaburður var lagður af og hin pólitíska baráttan var háð með orðum. Kirkjan varð móðir menntunar í landinu. Vegna fermingarinnar urðum við meðal fyrstu Evrópuþjóða, þar sem lestrar-kunnátta varð allra eign. Guðbrandsbiblía bjargaði íslenskri tungu. Tónlistin kom í kjölfar messunnar.



Vatnslitamynd: Guðbrandur Magnússon

*„Samnefnari alls þessa er kærleikur, kærleikur, sem kemur með því að Guð gerir sér bústað meðal okkar.“*

Klaustrin og Kristsbúin hlyntu að öryrkjum. Í allri kjara- og jafnréttisbaráttu hafa kærleiks- og bróðerniskenningar Krists sífellt sótt á. Sú samhjálpa, sem við njótum, er öll þessarar ættar.

Það hefur tekið okkur þúsund ár að ná þessari stöðu og oft kostað miklar fórnir, en menn hafa ekki gefist upp. Og af hverju? Af því að við eigum fyrirheit um fullkomnun og það skapar svo mikla gleði og andlega fullnægging að ná, þó ekki sé nema hænu-fet, í átt að markmiðum kristindómsins.

Þetta varðar mest samfélagið, en áhrifin fyrir einstaklinginn sjálfan eru ekki síðri. Hið persónulega samfélag Guðs og manns er grundvöllurinn undir öllu hinu, sannfæringin um æðri mátt, sem kemur okkur til hjálpar, hvenær sem við leitum hans í bæn og trú. Þar fáum við besta stuðninginn þegar aðstæður okkar eru erfiðar, þar skapast samkenndin með náunganum. Hjá þeim sem hafa fengið listgáfuna í vöggugjöf, skapar andi Guðs ódauðleg verk.

Vantrúarmennirnir eru iðnir við að gera lítið úr tilveru Guðs. Þrátt fyrir mikilleik sköpunarverksins er í þeirra augum enginn skapari til. Slíkt er

erfitt að rökræða, en mér dettur í hug lítil saga, sem sr. Bjarni, forveri minn, sagði Matthíasi Johannessen: Kvöld eitt, þegar nokkur hundruð stúdentar voru saman komnir í Danmörku, talaði menntamaður að nafni Rasmussen gegn trú og kirkju og sagði: „Ég trúi ekki því, sem ég hef ekki séð og treysti ekki á það.“ Kennari minn í kirkjusögu, sagði sr. Bjarni, Ammundsen prófessor, síðar biskup, tók til máls og spurði með hógværd: „Segið mér, herra Rasmussen, hafið þér séð yðar eigin skynsemi?“ Hinn svaraði: „Nei.“ Ammundsen svaraði: „Við hinir höfum ekki heldur séð hana, hvar er hún þá?“

Samtali þeirra Matthíasar og sr. Bjarna lauk með orðum þess síðarnefnda: „Eitt er nauðsynlegt – að hver prestur geti fagnandi sagt: „Ég trúi, þess vegna tala ég.“

Ég vildi gjarnan, að menn íhuguðu þessa litlu sögu, þeir sem með sífelldum og algerlega órökstuddum yfirlýsingum fullyrða, að það sé enginn Guð, að við eigum að hætta að spegla okkur í 2000 ára gömlum frásögnum og þar haft undirliggjandi að því hljóti að vera farið að slá í þær. Það sem svo kórónar allt þetta, er að þeir, sem þessu halda fram, hafa mér vitanlega



Ljósmynd: Ólafur Stephensen

*Dagbjört Andrésdóttir, barnabarn séra Þóris, söng einsöng í messunni. F.v. séra Sveinn Valgeirsson, séra Þórir Stephensen, Dagbjört Andrésdóttir, séra Jakob Ágúst Hjálmarsson og séra Anna Sigríður Pálsdóttir.*

ekki sýnt neina andlega burði, sem geri þá marktækari öðrum. Þarna hermir hver eftir öðrum og allt virðist þetta gert til þess að eyðileggja hin fornu andlegu gildi, sem hafa haldið

uppi menningu og siðgæði þjóðar okkar um aldir. Þessir menn hafa ekki verið áhrifalausir. Það sjáum við víða. Nýlegt dæmi er sá ótti og kvíði, sem nú þjakar unga fólkið okkar. Ég tel

víst, að hann væri mun minni hefði betur verið hlúð að trúarumræðu og bænarlífi.“

Sr. Þórir vitnaði síðan til afburðarmanna á borð við tónskáldið mikla

J.S. Bach sem sumir hafa nefnt fimmta guðspjallamanninn, Matthíasar Jochumssonar, Einars Ben., Davíðs Stefánssonar, Tómasar Guðmundssonar, Matthíasar Johannessen og Hannesar Péturssonar og sagði svo:

„Við þurfum að efla íslenska hámenningu, hugsun trúar og andlegs lífs, kærleika í orði og verki, skáldskapar og skynjunar þess óræða. Öllu slíku þarf að viðhalda með því að iðka það og kenna. Heilaþvottur og afsiðun Isis-hreyfingarinnar erlendis sýna okkur hvert okkar hlutskipti getur orðið, sé þetta vanrækt. Við skulum ekki gleyma orðum skáldsins frá Fagraskógi:

„Þar sem brestur þrek og trú,  
þar er andlegt dánarbú.  
Þrjóti bæði störf og styrkur,  
steypist yfir landið myrkur.  
Þar er fólk að frjósa inni,  
sem frelsishvötin gerist minni.  
Þar sem fólk er hætt að heyja  
heilagt stríð, en skáldin þegja,  
þar er þjóð að deyja.“

Kirkjan þarf að koma þarna betur að málum. Yfirvöld hafa haldið henni í hálfgerðri fjáhagslegri spennitreyju nú að undanförunu og gert henni erfitt um vik. Hún á að vinna eins og skáldið Pétur Hafstein Lárusson lýsti afstöðu Valgerðar Hjörleifsdóttur, sem lengi var hér í sóknarnefnd, en er nýlega látin: „Fyrir henni var kirkjan ekki stofnun, heldur kærleiksband ofið vináttu og trú.“

„Kærleiksband ofið vináttu og trú“ er, í stórum dráttum hugsað, það sem tjaldbúðin geymir og gefur. Þeir eiginleikar eru auðna manns og heims. Án þeirra fæst hvorki friður né farsæld, en í slíkum vefnaði felst velferð allra.

Gömul helgisögn segir, að þegar Jóhannes postuli, þá safnaðaröldungur í Efesus, kom á síðustu samkomuna hjá söfnuði sínum, maður um nírrætt og svo hrumur orðinn, að það þurfti að bera hann inn, hafi hann haldið ræðu, sem var ekki nema fimm orð: „Börnin mín, elskið hvert annað.“ Öldungurinn, sem í dag stendur í prédikunarstóli kirkju hans í Reykjavík, vill gjarnan gera orð hans að sínum: Börnin mín, elskum hvert annað, elskum hvert annað, þá mun okkur vel farnast.

Dýrð sé Guði föður, syni og heilögum anda, svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.“



Geir R. Tómasson, sem fagnaði nýlega 100 ára afmæli sínu, ásamt Vali Valssyni SMR.

## Geir R. Tómasson 100 ára

Br. Geir R. Tómasson, fagnaði aldarafmæli sínu nú í sumar með veislu í Regluheimilinu og fagnaði fjölmenni með honum, þar á meðal SMR og fjöldi bræðra. Br. Geir hélt eftirminnilega ræðu þar sem hann þakkaði fyrir sig og sagði þá m.a.:

„Sagt er að hinn vitri sé sem hamrbergið, sem engir stormar haggja, hann bifast ekki í meðlæti né mótlæti. Þegar vitur maður skynjar lögmálið verður hann kyrrlátur, eins og hið djúpa og tæra stöðuvatn, sem engin alda gárar.“

Hér er nú samankomin eins konar þverskurður af fámennri þjóð okkar, en þó engan veginn áhrifalausri af því er varðar aðjóska- og líknarmál að minnsta kosti.“

Geir fór um víðan völl og rakti m.a. spádóma um Ísland og sagði svo:

„Þekkingin er í víðri merkingu lík tíma og rúmi – óendanleg en þó þess virði að eftir sé leitað í auðmýkt og maðurinn er stærstur er hann krýpur skapara sínum af innsta hjartans grunni. Að lifa kátur er mátinn bestur, þótt bjáti eitthvað á úr því hlátur þó gera má, og vingjarnlegt orð, sem fellur í dag, getur á morgun ávöxt borið og vinsemd er mál sem daufir heyra og blindir sjá eða skynja.“

Er það svo enn í dag, að stór hluti

vor mannanna skynjar ekki dulda eða ódulda handleiðslu skaparans? Albert Einstein kvað: að vísindi án trúar væru hölt, en trú án vísinda blind.“

Síðar í ræðu sinni sagði Geir:

„Í síðari heimsstyrjöldinni, þá ég var staddur í miðjum hildarleiknum og sprengjunum rigndi að ofan, og oft var skammt á milli lífs og dauða, þá fann ég oft sem hulinn verndarkraftur veki yfir mér og gæfi mér staðfestu og rósemi hugans er mest á gekk og aðrir voru hræddir og örvinglaðir. Líklega hafa bænir móður minnar haft sitt að segja og náíð samband okkar, þótt í fjarlægð væri – svo og persónulegt samband mitt við Krist, sem hófst frá þeim fundi okkar í draumi í Hljómskálagarðinum. Þar fannst mér vera líkneski af Kristi sem varð lifandi og sagði þau orð sem ég mun aldrei gleyma. „Þú mátt líta upp til mín.“

Hin margendurtekna kveðja Krists „friður sé með yður“ pax vobiscum, gefur okkur nokkuð til að hugsa um í dagsins önn.

Látum því gleðina ríkja – verum vandlát í daglegri breytni, í hugsun, orðum og gjörðum og trúum á tvennt í heimi, tign sem æðsta ber, Guð í alheims geymi, Guð í sjálfum þér – því við erum Guðs ættar – sköpun hans.“

# Fjárhagsráð Frímúrara- reglunnar á Íslandi

Við hernám Danmerkur þann 9. apríl 1940, slitnaði samband íslenskra frímúrara við yfirstjórn 8. Umdæmis dönsku Frímúrareglunnar. Þar með færðist æðsta stjórn frímúrarastarfs í hendur heimamanna og var ígildi Fjárhagsráðs komið á laggirnar fram til ársins 1951 er Frímúrarareglan á Íslandi varð sjálfstæð Regla sem starfaði innan sænska kerfisins.

## Reglur um fjárhagsmál Reglunnar

Í Grundvallarskipan Reglunnar, fyrstu bók, er kveðið á um fjárhagsleg málefni Reglunnar. Í 7 kafla er fjallað um Fjárhagsráð. Þar segir í 18. gr.: Féhirðir Reglunnar er oddviti Fjárhagsráðs og Eldri Stór-Stólvörður varaoddviti.

Í 19. gr. segir að Fjárhagsráð hefur gjaldkera í sinni þjónustu sem vinnur dagleg störf fyrir ráðið. SMR skipar tvo endurskoðendur og skal a.m.k. annar þeirra vera löggiltur. Þeir endurskoða og árita reikninga ráðsins áður en þeir eru lagðir fyrir SMR. Þeir skulu hafa a.m.k. VIII stig.

Í 20. gr. sama kafla segir: Fjárhagsráð hefur, undir yfirstjórn SMR, æðstu stjórn fjármála og bókhalds Reglunnar og einstakra stúkna. Það hefur yfirstjórn almennra sjóða og annarra eigna Reglunnar. Sem hagsýslustjórn Landsstúkunnar og annarra stúkna í Reykjavík, sér Fjárhagsráð um Regluheimilið, sjóði þessara stúkna og önnur verðmæti og ávöxtun þeirra.

Í 21. gr. segir: Reiknisár Reglunnar er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárhagsráð skal í marsmánuði ár hvert ganga frá fjárhagsáætlun fyrir Landsstúkuna og rekstur Regluheimilisins fyrir komandi ár.

Í 22. gr. segir: Fjárhagsráð fylgist með að veitt fé sé í samræmi við fjárhagsáætlun. Verulegar breytingar eru háðar samþykki SMR

Í 23. gr. segir: Fjárhagsráð leggur samstæðureikning Reglunnar fyrir SMR í nóvember mánuði ár hvert með áritun endurskoðenda. Á Stórhá-



Kristján S. Sigmundsson R&K, oddviti Fjárhagsráðs.

Ljósmynd: Bjarni Ómar

tíð les oddviti Fjárhagsráðs reikninga og flytur skýrslu um fjárhag hennar.

Í 24. gr. segir: Fjárhagsráð skal ár hvert fara yfir reikninga frá öllum stúkum innan Reglunnar og tilkynna

Stórmeistara Reglunnar þær athugasemdir, sem það hefur gert við þá.

Hver stúka utan Reykjavíkur hefur sjálfstæðan fjárhag og ber stólmeistari hennar ábyrgð á skyldum

hennar gagnvart Stórmeistara Reglunnar. Stúka getur ekki tekið á sig fjárskuldbindingar án samþykkis Stórmeistara Reglunnar. Stúka getur ekki selt, veðsett eða bundið fasteign sína kvöðum á annan hátt án samþykkis Stórmeistara Reglunnar. Sama gildir um fræðslustúkur og bræðrafélög, sem sækja heimildir sínar til verndarstúku. Stúkur utan Reykjavíkur sjá alfarið um vörslu og ávöxtun á sjóðum sínum en undir yfirstjórn Fjárhagsráðs Reglunnar.

Varðandi gjöld bræðra til Reglunnar segir í Leiðbeiningum fyrir embættismenn: Félögum í Frímúrarareglunni á Íslandi er skylt að greiða eftirtalin gjöld til hennar:

- Upptökugjald við inngöngu í Regluna.
- Stiggjald við hvert nýtt stig innan Reglunnar.
- Árgjald til St. Jóhannesarstúku sinnar (þó ekki á inntökuári). Gjald til útfarasjóðs.
- Einnig er greitt gjald til Frímúrarasjóðsins.

Stórmeistari Reglunnar ákveður öll gjöld sem bræðrunum er gert að greiða til Reglunnar að fenginni tillögu Fjárhagsráðs.

### Verkefni Fjárhagsráðs

Verkefni Fjárhagsráðs geta verið margvísleg, m.a. að vera stúkum til aðstoðar og leiðbeiningar, m.a. um allt er varðar fjármál stúknanna og framkvæmdir við stúkuhús og fl. Eitt verkefni í gegnum tíðina hefur verið að aðstoða bræður sem lent hafa í fjárhagsörðugleikum vegna veikinda, atvinnumissis eða annarra fjárhagsörðugleika. Þessum beiðnum fjölgaði mjög mikið í kjölfar efnahagshrunsins 2008, þannig að þetta var orðin nokkur byrði á Fjárhagsráði. Árið 2014 ákvað SMR í samráði við Fjárhagsráð og Styrktarráð að þessar skyldur skyldu færðar yfir til Styrktarráðs, enda er eitt af hlutverkum Styrktarráðs að aðstoða bágstadda bræður og fjölskyldur látinna bræðra. Fjárhagsráð sér áfram um beiðnir bræðra sem áhuga hafa á að koma aftur til starfa í Reglunni, eftir að þeir hafi áður verið felldir af félagatali. Einnig fjallar Fjárhagsráð um alla þá bræður sem felldir eru af félagatali vegna skulda sinna við Regluna í 3 ár.

## Oddvitar Fjárhagsráðs

1940-1941 Arent Claessen  
1941-1942 Carl B. H. Olsen  
1942-1947 Vilhjámur Þór  
1947-1951 Carl B. H. Olsen

### Eftir sjálfstæði Frímúrarareglunnar á Íslandi 1951

1951-1962 Carl B. H. Olsen  
1962-1967 Eggert Kristjánsson  
1967-1973 Svanbjörn Frímansson  
1973-1975 Gunnar J. Möller  
1975-1977 Indriði Pálsson  
1977-1983 Vilhjálmur Jónsson  
1983-1988 Árni Gestsson  
1988-1993 Jóhann Ágústsson  
1993-2000 Valur Valsson  
2000-2008 Skúli G. Ágústsson  
2008- Kristján S. Sigmondsson

### Yfirkastalavörður

Samkvæmt 8. kafla, 12. gr. Grundvallarskipanar Frímúrarareglunnar sér Yfir-Kastalavörður m.a. um viðhald Regluheimilisins, húsmuna og áhalda Reglunnar á vegum Fjárhagsráðs. Hann annast einnig öll innkaup búnaðar í sambandi við starfsemi Reglunnar.

### Einkennavörður Reglunnar

Einkennavörður Reglunnar starfar undir Fjárhagsráði og hefur með höndum m.a. yfirumsjón með vörslu, eftirliti, innkaupum og úthlutun á útbúnaði þeirra hluta sem teljast til einkenna og skruðtákna allra stiga Reglunnar.

Einkennavörður er í nánú sambandi og samvinnu við aðrar Reglur á Norðurlöndum sem starfa eftir Sænska kerfinu um innkaup á eignum og fl. sem embættum tilheyrja.

### Stefnumótun Frímúrarareglunnar

Síðastliðin þrjú ár hefur staðið yfir mikil vinna við stefnumótun Frímúrarareglunnar til framtíðar.

Stefnumótunarnefnd skilaði skýrslu sinni í desember 2014. Eftir umfjöllun í Æðsta Ráði Frímúrarareglunnar ákvað Stórmeistari Reglunnar að setja af stað vinnu við 11 verkefni Reglunni og bræðrunum til framfara.

Fjárhagsráði var m.a. falið að vinna að verkefnum er lúta að hús-næðismálum Reglunnar og fjárhagsmálum.

Ein af þeim tillögum sem lagðar voru fyrir Stórmeistara Reglunnar var upplýsingagjöf til bræðra um fjárhag Reglunnar, sem SMR samþykkti. Frá og með starfsárinu 2016-2017 skal lesa upp yfirlit um fjárhag og styrktarmál Reglunnar á fjárhagsstúkufundum í öllum St. Jóh.stúkum. Þarna er verið að bregðast við breyttum tímum, þannig að bræður séu betur meðvitaðir um fjárhag Reglunnar.

Hópur um hús-næðismál Reglunnar hóf störf á vormánuðum 2015, en þarna var mjög viðamikilið starf unnið sem nær yfir Regluheimilið í Reykjavík og öll 12 stúkuhús Reglunnar á landsbyggðinni og skiluðu hóparnir formlegum skýrslum til stefnumótunarnefndar og SMR með kynningu í Regluheimilinu í byrjun nóvember sl.

### Innheimtumál og vanskil

Eitt af meginverkefnum féhirða St. Jóh.stúknanna er innheimta árgjalda bræðra. Eins og fram hefur komið eru um 80% af tekjum Reglunnar af árgjöldum og stiggjöldum bræðra. Það er því mikilvægt að allir bræður sinni skyldum sínum með greiðslu árgjalda. Eftir því sem vanskil aukast þá leggjast byrðarnar á færri hendur.

### Handbók féhirða

Í framhaldi af námskeiði sem haldið var fyrir féhirða stúknanna haustið 2015, ákvað Fjárhagsráð að ráðast í útgáfu handbókar fyrir féhirða, þar sem farið verður í gegnum hina ýmsu þætti er snerta embættið. Þetta er fyrst og fremst hugsað til að auðvelda féhirðum starfið, því að í mörg horn er að líta er kemur að fjármunum. Ráðgert er að handbókin verði tilbúin fljótlega á árinu 2017.

# Ludvig E. Kaaber og kveð- skapurinn II



*Eftir Smára Ólason*

Í lok greinar minnar um þann kveðskap sem ortur var til heiðurs Ludvig E. Kaaber og birtist í Frímúraránunum í apríl 2016 gat ég þess, að ég myndi í næsta hefti fjalla um skáldskap hans sjálfs. Greinar þessar eru að mestu unnar upp úr Rannsóknarerindi Sverris Kaaber nr. 19 í Rannsóknarstúkunni Snorra undir heitinu „Frumkvöðull, athafnamaður og frímúari – Br. Ludvig Emil Kaaber R&K“ sem flutt var 8. mars sl. Br. Sverrir er sonarsonur Ludvigs E. Kaaber.

Í rannsóknarerindi br. Sverris birtir hann m.a. útprentun af erindi sem Ludvig hefur haldið sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 20. apríl 1933 í félaginu Det Danske selskab. Sverrir segir svo: „Í ávarpinu hér á eftir lýsir hann ánægju sinni yfir því að búa á Íslandi. Þá minnst hann tveggja látinna Dana, Jens Jensen Bjerg og Egils Jacobsen, sem báðir sýndu ögun, velvild og tillitssemi í athöfnum sínum og voru drengir góðir. Báðir eru jarðsettir á Íslandi.“

Jens Jensen Bjerg var ekki frímúrarabróðir svo ég stytta umfjöllunina þar sem Ludvig fjallar um hann. Egill Jacobsen var fæddur 1880 og kom til Íslands 1902. Hann var stofnfélagi í Eddu, nr. 10 af 14. Hann gekk í Z&F 2. febrúar 1916 og hlaut VIII. stig 1924. Hann gegndi störfum S.M. frá stofnun stúkunnar til þess er hann lést af slysförum árið 1926. Egill var með vefnaðarvöruverslun frá 1906 á jarðhæð í þrílyftu timburhúsi í Austurstræti 9 sem byggt var árið 1900 og á miðhæðinni var fyrirtækið Nathan & Olsen frá því það var stofnað árið 1912 með nýlenduverslun. Húsið brann árið 1915 og réðust þá Nathan og Olsen í að byggja stórhúsi á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Svo fór að frímúrararastarfið fékk inni á efstu hæð þess húss meðan það var í mótun frá árinu 1918 og allt til ársins 1948, þegar flutt var inn í Borgartúnið, en

einn af aðaleigendum fyrirtækisins var Carl B. H. Olsen, ræðismaður og stórkaupmaður. Hann var fæddur 1880 og gekk í Z&F 3. febrúar 1915. Hann var stofnfélagi nr. 7. Árið 1920 byggði Egill Jacobsen nýtt myndarlegt tvílyft húsið úr steinsteypu á lóðinni Austurstræti 9 sem var friðað árið 1991. Eftir hans dag rak fjölskylda hans þar vefnaðarvöruverslun undir hans nafni í nokkur ár og svo aftur frá 1950 til 1998. Br. Egill var einn ötulasti bróðir frímúrararastarfsins og sem dæmi um einlægan áhuga hans setti hann frímúrarastjórnuna efst á mæni hússins. Hans var sárt saknað og vildu menn meina að hann hafi verið orðinn meiri Íslendingur en Dani.

Í prentaðri útgáfu af þessu erindi Ludvigs er mynd af honum og þar stendur:

„Nationalbankdirektör, Generalkonsul L. Kaaber, Selskabets Formand 1927-28.“

„Det er í dag enogtredivte Aar siden jeg kom her til Reykjavik. „Velkommen“ og „Glædelig Sommer“ var den Hilsen, hvormed jeg da blev modtaget. De Venskabsbaand, jeg den Gang, i de unge Aar, knyttede, er stærk og levende den Dag i Dag. - Og den Kærlighed, jeg straks fölte til Island, er bleven stærkere og stærkere Aar for Aar. Derfor, naar jeg rejser til Udlandet, hvad jeg jævnlig har maattet gøre, da længes jeg altid hurtigt „hjem“ igen til Island.“

Det er sikkert gaet mange Danske, der har levet og virket i Island i ein Aarrække, paa same Maade. Vi er Danske, ja, men vi føle som Islændinge, ikke mindst naar vi er borte herfra. Og mange af os har sikkert ogsaa haft Lejlighed til, ude i Verden at bryde en Lanse for Island og efter Evne bidraget til at øge Islands Ære og Velfærd.

Jeg vil i denne Forbindelse mides to gode danske Mænd, der kom her til Lander omtrent samtidig med mig, men nu er gaær bort og hvis Ben hvile i Islands Jord.

[Hér sleppi ég umfjölluninni um Jens Jensen Bjerg,]



## GLASSLINE

Unidrain® er þekkt um heim allan fyrir gólfniðurföll sem hafa breytt hugmyndum okkar hvar og hvernig niðurföllum er komið fyrir. Uppsetning á GlassLine (sambyggt niðurfall og sturtuhlið) frá unidrain® byggir á sömu grundvallarhugmyndum og er örugg lausn með sérstaklega fallegum frágangi.



Tengi Kópavogi • Akureyri

Opíð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15  
[www.tengi.is](http://www.tengi.is) • [tengi@tengi.is](mailto:tengi@tengi.is)



# Á netinu, snertilaust og um allan heim

**Nýtt debetkort Landsbankans** gerir verslun og þjónustu þægilegri og öruggari og færir þér nýja valmöguleika. Nú getur þú verslað á netinu með debetkortinu, greitt snertilaust og notað kortið á fjölmörgum sölustöðum um allan heim.





Egill Jacobsen var Köbenhavner, vennesæl, glad í sínd, alltaf hjálpsom og dertil godhjærtur sem faa. Ogsaa hann oparbejdede en betydelig Virksomhed, og hans noble usnobbade Færd, í Forbindelse med hans stor Godgörend, skaffede ham Aagtelse, Venskab og Tillid.

Begger var de dygtige hæderlige og flittige og de gjorde Danmark Ære í al deres Færd. Og begge var de agtede og afholdte af alle, der kendte dem. De havde ogsaa det til Fælles, at de kun vandt sig Venner, thi de sögte alltaf „at gore godt“, hvor de kom frem. Derfor fik de ogsaa begge et smukt Eftermæle, da de blev kaldet bort, og med Rette. Íslendinge er trofaste í Venskab, og de, der har kendt disse to danske Mænd, vil sent glemme dem. Mindet om dem vil leve længe her í Landet, og de var gode Eksempler til Efterfølgelse for Danske, der leve í Island. Maate mange Danske, der leve her, faa Lykke til at samarbejde med Íslendingene í fælles Stræben efter at fremme Islands Velfærd og Fremgang.

Reykjavik, Først Sommerdag, 1933.

L. Kaaber

Br. Ludvig var vel skáldmæltur og hafði til að bera einstaklega léttan og lipran frásagnarstíl í kveðskap sínum. Flæði textans er mjög eðlilegt og rímið er í langflestum tilfellum mjög sannfærandi. Það væri vel þess virði að leita frekar í gögnum hans eftir því hvort meira sé til af skáldskapi hans.

Í rannsóknarritgerðinni birtir br. Sverrir nokkur ljóð sem Ludvig hefur gert. Eitt þeirra er Valdemarsdagen. Um það ljóð segir Sverrir:

„Valdemarsdagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur í Danmörku 15. júní 1912. Valdimar sigursæli fór með stóran her á 1500 langskipum [árið 1219] og lagði undir sig Eistland eftir orustuna við Lyndenises og kristnaði þá. Hann reisti borgina Tallin sem þýðir „danska borg“. Arfsögnin segir að hvít-rauði krossfáninn hafi við þetta tækifæri fallið af himnum ofan og þannig orðið að þjóðfána Dana. Í þessu ljóði þýðir Ludvig þessa minningu.“

#### VALDEMARS DAGEN

Vi mödes her en Mindedag at fejre,  
en Mindedag for hver en Dansk paa Jord,  
en Mindedag om Fortids Daad og Sejre  
og Mandemod og Kæmpeaand i Nord,  
da Danske Orlogsmænd paa Snækker fagre,  
paa Kongens Bud, til fjerne Lande drog  
fra Hjem og Arne og de gyldne Agre,  
og gav til Danmark Lønnen, Dannebrog.

Hvad gavner os dog Mindedag at fejre  
om Danskes Fortidsdaad og Fortidsry,  
hvis ej det hjælpe kan os til at sejre  
i Nutidskamp for Retfærd's Morgengry?  
Maa derfor Fortidminder Kilder blive  
til Nutids Værk og Id med Aand og Haand,  
der kalder Fortids Kragt paa ny til Live,  
genfødt i Broderkærlighedens Aand.

Lad derfor danske Landsmænd sammen virke,  
hvor end i Verden vide ud vi drog,  
at vi kan være Danmarks Dannevirke

Med Edhedsmærke, gamle Dannebrog.  
Lad os hinanden her det Løfte give  
at hjælpe Danmark frem til Lykke-Kaar;  
ja, gid hver Fortids-Mindedag maa blive  
en Kraft, der skaber Fremtids Gylden-Aar.  
L. K.

Í seinni hluta greinar sinnar segir Sverrir:

„Á hátíðar- og veislufundi stúkunnar Eddu þann 6. janúar 1927 flutti L.E. Kaaber erindi sem hann nefndi Minni Íslands. Hann fór þar með tvö ljóð, annars vegar Det er et land sem hér er prentað og hins vegar Mon nogen dadle sem eingöngu er til í eiginhandarriti hans.

Ári síðar hefur br. Ísólfrur Pálsson gert lag við þetta ljóð og ánafnar það höfundu ljóðsins, „Til min kære Lærer og Mester í „EDDA“ Herr L. Kaaber.“

#### DET ER ET LAND

Det er et Land, nej, der er tvende Lande,  
jeg elsker, ønsker Fremgang, Lykke Fred!  
Det ene staar med skovomkranste Strande  
og Kæmpehøj og broget Blomsterbed.  
Dér til min Tanke søger hen i Minder  
om Barndomstid og første Ungdomskaar,  
hvor Sjælen foldes ud og Kilder rinder,  
der nærer Sjælens Liv i Manddomskaar!

Det andet Land er højere mod Norden  
og gemmer Ild i Skød og Is paa Fjæld,  
ombrust af stormfuldt Nodhavs barske Torden,  
med Fossefald og Elves stride Væld.  
Dog, Sommersolen grønner Mark og Enge  
og lokker Smil af kolde Fjæld og Is  
og breder Blomsterflor paa Vang og Vænge,  
som minder os om Østens Paradis.

Saa tag min Tak Du, Fostermoder kære,  
for Alt, Du gav i Aarene, der svandt!  
Guds Fred og Fremgang evigt med Dig være,  
Han skærme og bevare, hvad Du vand!  
Gud signe Eder alle, Brødre, Venner,  
og Tak for Venskab, Broderkærlighed!  
I Tankerne jeg trykker Eders Hænder  
og favner Eder i Tanknemlighed!  
L.K.

Í seinna ljóðinu, Mon nogen dadle (Hvort nokkur geti efast) lýsir Ludvig því hvornig hann er orðinn fóstursonur Íslands en gleymi samt ekki sinni móðurjörð, Danmörku. Ári seinna, í H&V þann 6. janúar 1928, var frumflutt lag Ísólfrs Pálssonar við þetta kvæði Ludvigs. Í eiginhandarriti Ísólfrs að laginu stendur tileinkunin við þennan texta, en Det er et land og Valdemarsdagen eru líka ort undir þessum sama bragarhætti.

Hér er texti þessa kvæðis skráður nákvæmlega niður eins og hann er í eiginhandarriti Ludvigs.

Seinna gerði svo Freysteinn Gunnarsson ljóð við þetta lag sem á stundum er flutt við hátíðleg tækifæri þegar bróðurbikarinn er afhentur Stólmeistararum við bróðurmáltíðina. Þetta lag við textann Bróðurbikar er nr. 22 í Bláu bókinni.

## MON NOGEN DADLE

Mon Nogen dadle vil den Mand, der kommer fra Danmarks grønne Lund ved Öresund, men gribes saa af Islands lyse Sommer hvor baade Dag og Nat har Guld i Mund, - hvor Vinternattens Mörke Nordlys sprede med Straaleglans som Engles Flammesværd, der maner os til mandig Kamp her nede mod Mörkets Magters store, stærke Hær!

Mon nogen dadle kan, at her han bunden til Jökulfjældes Majestæt sig fandt - skönt han af Danmarks blöde Muld er runden? I, vil forstaa ham Brödre, ikke sandt? Thi I er selv som intet Folk paa Jorden rodfæstede til Landet, hvor I bo og Eders Fædre bygged højt mod Norden, hvor Fortids rige Sagaminder gro!

En Fostersön af Island er jeg vorden og elsker Land og Folk af ærligt Sind; dog, hvis jeg glemte Danmark Moderjorden, da Skammens Rödme dække maa min Kind! Du ditte og forstaar, islandske Broder, der selv som intet andet Folk paa Jord, har Kærlighed til Isafold, Din Moder,

Dit Sprog, Dit Land, hvert Fjæld, hver Dal og Fjord!

Þessi þrjú ljóð eru öll í sama bragarhætti. Þau hafa 8 vísuorð sem skiptast á að hafa 11 og 10 atkvæði. Ég tel mjög líklegt, að Ludvig hafi haft sem fyrirmynd að þessum kveðskap sínum ljóð eftir C. J. Boye frá 1924, Det er et land dets sted er højt mod norden, en fyrsta ljóðið hans hér byrjar á sama hátt: Det er et Land, nej, der er tvende Lande. Danska lagið var sungið við lag eftir þýsk/danska

tónskáldið C. E. F. Weyse frá 1826. Við þekkjum það lag best hér á landi við Vísur Íslendinga eftir Jónas Hallgrímsson frá 1835 (Hvað er svo glatt).

Í bókinni „Frímúrarareglan á Íslandi 25 ára“ segir á bls. 68: „Br. Ludvig E. Kaaber var vel skáldmæltur á danska tungu. Í fundarlok fór hann einatt með fagra bæn, er hann hafði sjálfur orkt.“

Í lok greinar sinnar vitnar Sverrir í þessi orð og segir:

„Br. Ludvig var vel skáldmæltur og gat þess eitt sinn að þessi bænarorð mættu vera skráð í sögu Reglunnar ef sín yrði þar getið.“

Ég læt þessa bæn líka vera lokaorð greinar minnar.

„Du all Væseners Gud.  
Al Visdom, skönhed, styrke  
Gaar fra Dig ud  
Og bringer Bud  
Om Lyset, som vi dyrke.

Du, Livets Urgrund, Kærlighed og alvis Vilje.  
Du, der leder Universets Kloder  
Og i Miskundhed hver Sjæl paa Jord,  
Der ærligt beder, ydmygt søger, trofast banker.  
Velsign og styrk Du Murerbrödres Id.  
Dit Navn os helligt er til evig Tid.“  
LEK.

Helstu heimildir:

Frímúrarareglan á Íslandi 25 ára, 1945

Sverir Örn Kaaber: „Frumkvöðull, athafnamaður og frímúrari – Br. Ludvig Emil Kaaber R&K.“ Rannsóknarindi nr. 19 í Rannsóknarstúkunni Snorra 2016

Jón Ólafur Sigurðsson



Alfreð Erlingsson.

## Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Njálu

Þann 23. apríl sl, var br. Alfreð Erlingsson settur inn í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Njálu, að undangenginni kosningu.

Alfreð fæddist í Reykjavík 27. ágúst 1956, sonur hjónanna Erlings Kalmann Alfreðssonar og Ingu Sigurjónsdóttur.

Hann lauk iðnskólaprófi 1978 og útskrifaðist með sveinspróf í pípu-lögnum 1979 og hlaut meistararéttindi 1982. Hann hefur starfað að iðn sinni síðan með fáum undantekningum.

Alfreð fluttist til Ísafjarðar árið 1980 og starfaði hjá Flugfélagi Íslands á Ísafirði frá 1982-86, og stundaði fjar-nám í viðskiptafræðum á stjórnunarbaut frá Háskólanum á Akureyri 2002 til útskriftar vorið 2006. Hann

starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Vestfirskum verktökum Ísafirði 2013-2015, en starfar sem pípu-lagningameistari í dag.

Alfreð gekk í St. Jóh.stúkuna Njálu 1995 og hefur gegnt þar embættum V.S frá 1996 til 1998, V.E.Stv frá 1998 til 2002 og E.Stv. frá 2003 til 2008. Embætti Vm. hefur hann gegnt frá 2008 til 2015.

Alfreð er kvæntur Birnu Bragadóttur bókarara og eiga þau þrjú börn, en Alfreð á að auki son frá fyrri sambúð.



# EIRVÍK FLYTUR HEIMILISTÆKI INN EFTIR ÞÍNUM SÉRÓSKUM

Endurskapaðu hlýtt og notarlegt andrúmsloft fyrri tíma. Heimilistækin frá Smeg eru miðpunktur athyglinnar hvar sem þau standa.

 smeg


EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, sími 588 0200, eirvik.is

# TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

## BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur  
[www.bifreidaverkstaedi.is](http://www.bifreidaverkstaedi.is)

**S:587 1350**



# Grand

## RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkomnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík  
Sími 5148000 / Fax 5148030 / [www.grand.is](http://www.grand.is) / [radstefnur@grand.is](mailto:radstefnur@grand.is)

Grand  
HÓTEL  
REYKJAVÍK



Ljósmyndari: Sigurður Júlíusson

Jóhann Loftsson.

## Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Lilju

Þann 23. nóvember sl. var br. Jóhann Loftsson settur inn í embætti stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Lilju, að undangenginni kosningu þann 9. nóvember.

Jóhann Loftsson fæddist í Reykjavík 12. október 1950, en ólst upp á Ljósafossi í Grímsnesi. Hann er sonur hjónanna Lofts Jóhannssonar vélstjóra og Lilju Árnadóttur húsmóður.

Jóhann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1972.

BA-prófi í sálfræði lauk hann frá Háskóla Íslands 1975 en embættisprófi í sálfræði 1980 frá Árósarháskóla. Árið 1980 hóf hann störf á Geðdeild Barnaspítala Hringins og vann þar í tæp 3 ár. Eftir það vann hann á göngudeild fyrir áfengissjúklinga á Landspítalanum til ársins 1985. Síðan hefur hann rekið sína eigin sálfræðipjónustu.

Jóhann gekk í St. Jóh.stúkuna Eddu árið 1996. Hann gegndi þar embætti V.Rm. á árunum 1998-2003 en embætti Rm. árin 2003-2006.

Árið 2006 var hann einn af stofnfélögum St. Andr.stúkunnar Heklu og starfaði þar sem V.Sm. árin 2006-2008 en sem Y.Stv. 2008-2012. Hann var svo einn af stofnendum St. Jóh.stúkunnar Lilju, gegndi embætti Am. á árunum 2012-2014 en var Vm. þeirrar stúku frá árinu 2014.

Jóhann er kvæntur Elfu Eypórsdóttur skjalastjóra. Hann á 4 börn.

# Árangur í andlegri líkamsrækt

Starfinu sem við sinnum innan vébanda Reglunnar má auðveldlega líkja við andlega líkamsrækt. Í hverri viku hittumst við og stælum andlega vöðva okkar með aðstoð reyndra þjálfara í heimsklassaaðstöðu, eftir forskrift sem reynst hefur afskaplega vel í aldanna rás, í kringum gildi sem standa óförgenileg og sterk þrátt fyrir sífelldar breytingar á ytri aðstæðum. Og árangurinn lætur oftast ekki á sér standa, og flestir verðum við háðir því að hittast og eiga þessa stund saman, og það er bæði gefandi og ánægjulegt, og nokkurs konar vin í eyðimörkinni fyrir flesta okkar að komast frá daglegu amstri og áreiti í frið stúkustarfsins.

Það þarf að ráðast með krafti í starfið alveg frá upphafi, það er kannski besta heilræðið sem er hægt að gefa þeim sem hefja störf innan Frímúrarareglunnar. Þetta er jú vinna, margt að skilja, margt að melta og mörgu að kynna. Það þarf að taka frá tímann til að sinna starfinu vel, svo að það skili árangri og djúpstæðum breytingum, öllum til hagsbóta, á sem hraðastan hátt. Þetta er aftur á móti skemmtileg og gefandi vinna, með hluti sem standa okkur nærri, og það að markmiði að bæta okkur sem menn, okkur sjálfum og öllum í kringum okkur til heilla, þegar vel tekst til. Það er okkur öllum ærið dagsverk.

En eins og í ræktinni, gerist það að einhverjir eru ekki nógu öruggir á fyrstu skrefunum. Þá er gott að eiga góða meðmælendur að til að geta hallað sér upp að, spurt út í það sem liggur á hjarta og fylgja á fundi og aðra atburði innan reglustarfsins. Meðmælendurnir eru stoð okkar og stytta, og hlutverk þeirra í innkomu okkar í starfið er mikilvægt á marga vegu.

Það gerist svo stundum að bræður þurfa að taka sér stutt hlé frá störfum, og eiga stundum erfitt með að koma sér til að mæta aftur. Ástæðurnar geta verið mýmargar, frá annríki, veikindum, fjölskylduhögum til fjarveru vegna vinnu. En stundum er afleiðingin sú að erfitt er að gera starfið hluta af rútínunni aftur. Nokkuð sem margir okkar kannast líka við af öðrum vettvangi, við hugsum mögulega til líkamsræktarkortanna okkar sem við sinnum ekki alltaf jafn vel og við höfðum hug á þegar við keyptum þau, sama þótt margsannað sé að okkur líði betur þegar við gerum það.

Fyrir vikið geta fundir í stúkunum okkar stundum verið fámennari en þeir þurfa að vera, og styrkur starfsins minni fyrir vikið. Því við ættum allir að geta verið sammála um að því fleiri sem við erum, því sterkara er starf okkar, eðli þess samkvæmt, eins og hlekkir í sterkri keðju.

Hér gildir áfram það sama og í ræktinni. Það er oft nóg að fá smá jákvæða hvatningu frá félögum sínum til þess að koma sér af stað aftur. Eitt símtal, boð um að skella sér saman á fund í eigin stúku, eða að heimsækja aðra stúku sem gestur getur verið nóg til að koma mönnum í gang aftur í starfinu, og minna þá á hvers er að sakna.

Það er létt að taka upp símann eða senda skilaboð á bræður sem við söknum úr starfinu og hvetja þá til dáða, til þess að geta notið samvista við þá á fundunum okkar. Það gagnast okkur öllum að vera hluti af sterku starfi sem sinnt er af fullum huga, svo að upplifun okkar megi verða sem dýpst og sterkust.

Pétur S. Jónsson



Fagmennska í fasteignaviðskiptum

Sími 511-1555



FASTEIGNASALA  
Brynjólfssonar

Síðumála 21 (Seimlamegn) • 105 Reykjavík • Sími 511 1555 • fbj@fbj.is • www.fbj.is

**Tímadjásn**  
*Gallery Gull*

Gull 19.900 kr  
Silfur 7.900 kr

33.500 kr

23.500 kr

Handsmíði - Íslensk hönnun  
Tímadjásn / Grímsbær Bústaðavegi / 553 9260

# Fagmennska í fyrirrúmi

*Góð  
þjónusta  
í 60 ár*



Háaleitisbraut 58-60 + Sími 553 1380  
www.bjorg.is

*Víð andlát ástvinar*

**Ísleifur Jónsson** **Steinunn Magnúsdóttir**  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

*Margrætni, hlýja og virðing*

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is  
Þjónusta allan sólarhringinn

## Skjalasafn Reglunnar

# Hundruð vinnustunda við að bjarga ómetanlegum verðmætum

Enginn veit hve mörg skjölín eru í skjalasafni Reglunnar en þau eru örugglega tugir þúsunda. Skjölín eru að miklu leyti flokkuð í sérstakar skjalaöskjur eftir efni skjalanna og er þar notaður sérstakur lykll eða flokkunarkerfi, að sumu leyti sambærilegt við það sem notað er í bókasöfnum. Alltaf er þó nokkuð af óflokkuðum skjölum, enda berast skjöl stöðugt úr ýmsum áttum.

Hlutverk skjalasafns er að varðveita skjöl og hafa þau aðgengileg til notkunar fyrir þá sem rétt hafa til aðgangs að skjölunum. Skjöl eru viðkvæm, sérstaklega elstu skjölín þar sem pappírinn er orðinn stökur. Alltaf er hætt á því að skjöl skemmist eða röð þeirra ruglist þegar skjölín eru tekin úr öskjunum til notkunar. Slikur ruglingur getur gert viðkomandi skjal óaðgengilegt þar til það kann að finnast löngu síðar á öðrum stað en það ætti að vera.

Þegar skjöl hafa verið tölvuskráð og skönnuð, verður sjaldnar nauðsynlegt að taka skjöl úr öskjum, hvort sem er við leit að skjali eða notkun. Þetta minnkar hættu á að skjöl skemmist eða tynist.

Í ársbyrjun 2016 var hrundið í gang því verkefni að skanna og tölvuskrá skjöl í skjalasafninu. Ákveðið var að byrja á því að skrá elstu skjöl stúkunnar Eddu en það eru elstu skjöl í sögu frímúrarastarfs á Íslandi.

Til þessa verks voru keyptir skannar sem gátu skannað skjöl allt upp í A3 stærð. Mörg eldri skjöl eru í „foliostærð“ eða jafnvel stærri. Skjölín eru skráð samkvæmt forritinu FileMaker Pro, en br. Jón Sævar Baldvinsson skjalavörður hefur lagað forritið að þörfum skjalasafnsins.

Verkið er tímafrekt og var því óskað eftir sjálfbóðaliðum til að aðstoða við skjalaskönnun og skjalaskráningu. Til að byrja með var leitað til stúkunnar Eddu, enda er upphafsverkefnið að skrá elstu skjöl



*Skjalaverðir og sjálfbóðaliðar að störfum.*

Ljósmynd: Halldór Baldursson



*Aukavinnslustöð skjalavarða.*

Ljósmynd: Halldór Baldursson

þeirrar stúku. Eddubræður brugðust mjög vel við þessari beiðni um liðveislú. Sjálfbóðaliðarnir tóku til starfa 29. febrúar 2016 og störfuðu fram í maí. Skráning og skönnun hófst síðan aftur eftir sumarleyfi 2016. Vinnuframlag sjálfbóðaliðanna nemur hundruðum vinnustunda.

Þessi vinna fer aðallega fram í

herbergi skjalavarða í eldri hluta Regluheimilisins í Reykjavík, en vegna þrængsla hefur stundum verið sett upp aukavinnslustöð á ganginum framan við herbergi skjalavarða.

*Halldór Baldursson,  
Skjalavörður Reglunnar*

## Munir frá Minjasafni

# Pípuhattarnir þeirra flutu svo út fjörðinn

„Dr. Grímur Thomsen alþingismaður og eitt af höfðuskáldum þjóðarinnar (1820-1896), er að jafnaði talinn fyrsti íslenski frímúrarinn og má það til sanns vegar færa.“ Svo segir í upphafi greinar sem birtist í 1. tbl. 7. árg. Frímúrarans í apríl 2011. Greinin er útdráttur úr erindi br. Jóns Sigurðssonar sem hann flutti í St Jóhannearstúkunni Glitni og varðveitt er á bókasafni Reglunnar. Þar voru ævi og skáldskap Gríms gerð nokkur skil, erindið kallast „Grímur Thomsen, skáldið og frímúrarinn“ og er ástæða til að hvetja bræður til að fletta upp þessari fróðlegu grein í blaðinu frá 2011 og/eða lesa sjálft erindið á bókasafninu. Í erindinu er m.a. bent á öflugt frumkvæði frímúrara við innleiðingu nútímalegra viðhorfa í samfélaginu og hlut Gríms í útbreiðslu þeirra.

Svo sem hæfir fyrsta frímúrararanum er safngripur nr. 1 á Minjasafni Reglunnar helgaður Grími Thomsen. Þetta eru frímúraraeinkenni Gríms og sverð. Afar athyglisverð frásögn er, tengd einkennunum, í safnskránni, sem br. Sveinn Kaaber skráði. Þar segir frá sannkallaðri svaðilför frímúrara úr Reykjavík til Bessastaða, þar sem Grímur hafði búið, þegar þeir hugðust rækja skyldur sínar og heiðra minningu Gríms með því að vera við útför ekkju hans þann 8. febrúar 1919.

Br. Sveinn Kaaber skrifar um stúkueinkenni Gríms Thomsens (Ath! Ekki er samræmi í ártölum, við höldum þó hér orðréttri frásögn br. S.K.): „Gekk í Z og F. 27. okt 1858. Fyrsti frím. búsettur á Íslandi. Gjöf frá ekkju hans frú Jakobínu Thomsen. Grímur Thomsen var búsettur á Íslandi. Hann gekk í stúkuna Z og F í Kaupmannahöfn árið 1856 og við erum svo heppnir að við eigum einkenni hans frá stúkunni Z og F. Konan hans dó 1919 og hafði hún varðveitt merkið. St. Edda fékk það úr dánarbúi hennar. Þegar kona Gríms, sem var dönsk, féll frá, fóru frímúrararnir sem þá voru í Reykjavík, í leiðangur til Bessastaða til að vera við jarðarför hennar. Þetta var um



Sverð og einkenni Gríms Thomsens á Minjasafninu.



hávetur og háлка. Þeir fóru í bifreið sem Matthías Einarsson átti. Þegar þeir komu að Kópavogsbrúnni rann bifreiðin út af veginum og fór á kaf í Kópavogslækinn (eða voginn). Svo illa vildi til að þá var háflöð. Bifreið Magnúsar Skaftfeld sem ók á eftir gat stöðvað í tæka tíð og farþegar í þeirri bifreið hlupu út til að bjarga mönnum úr bifreiðinni. Matthías Einarsson komst fyrstur út, enda var hann heljarmenni og dró þá út úr bílnum og í land. Arent Claessen var rifbeinsbrotinn og nærri druknaður. Bílstjórann drógu þeir upp úr vatninu og var hann þá orðinn meðvitundarlaus. Pípuhattarnir þeirra flutu svo út fjörðinn.“

Þessi svaðilför sætti auðvitað tíðindum og birti Vísir frétt um hrakninga bræðranna daginn eftir (Vísir 9.2.1919, bls. 2). Þar segir meðal annars: „Þeir Matthías Einarsson læknir, Arent Claessen heildsali og Sveinn Björnsson yfirdómslögmaður ætluðu suður í Hafnarfjörð í gær í bifreið, en þegar bifreiðin var að fara út á Kópavogsbrúna, kom svo snögt vindkast á hana, að hún steiptist út af og á kaf niður í sjóinn.“

Síðan segir af erfiði þeirra að komast í land og aðstoðinni sem þeir

fengu: „Önnur bifreið hafði verið rétt á eftir þeim, og í henni voru þeir Egill Jacobsen kaupmaður og Magnús Sigurðsson bankastjóri, en Kristján Siggeirsson stýrði. Tókst þeim brátt að ná hinum upp úr, og óku þeim sem hraðast mátti hingað til bæjarins í sinni bifreið.“

Vísir segir að engin meiðsl hafi orðið utan að Karl Moritz bílstjóri hafa kvartað undan verk í síðunni. Allir voru þó kaldir eftir baðið. Frásögn Vísis lýkur svo: „Bifreiðina átti Matthías Einarsson sjálfur. Hafði hann nýlega fengið hana að gjöf frá nokkrum vinum sínum hér í bænum, og var hún hin vandaðasta. Hefur hún vafalaust skemst talsvert, en hve mikið vita menn ekki, því að hún er enn á sama stað.“

Báðar þessar frásagnir endurspeglar vel tíðarandann, enn þótti svo merkilegt að fara um á bifreiðum að nálega allar þeirra hreyfingar voru fréttæfni. Ekki fylgir þó sögunum hvort bræðurnir náðu að komast í útfor frú Jakobínu Thomsen um síðir.

*Þórhallur Birgir Jóseppsson*



*Jón Sigurðsson R&K.*

Ljósmynd: Bjarni Ómar

## Verkefni við stefnumótun

Eins og bræður muna var viðamikilið stefnumótunarstarf unnið á vegum Frímúrarareglunnar á árinu 2014. Efnisöflun og tillögugerð lauk 8. desember 2014, og höfðu alls 283 bræður komið að starfinu í tuttugu vinnuhópum, og auk þess var rætt við alla Stmm., Stj.brr. og R&K. Skýrsla stefnumótunarnefndar með allmörgum tillögum og ábendingum gekk síðan til Æðsta Ráðs og SMR.

Hinn 16. mars 2015 ákvað SMR frekari vinnu við ein ellefu verkefni og fól Ráðum Reglunnar, embættismönnum og Stmm. fullnaðarvinnslu. Örstutt yfirlit um þessi sérsvið birtist í Frímúrararanum í apríl 2016. Með bréfi SMR hinn 24. júní sl. var Ráðunum síðan falið að ljúka þessum verkefnum. Æðsta Ráð fjallaði síðan um niðurstöðurnar.

Með nýju bréfi, 10. október 2016, hefur SMR nú beint níu verkefnum til viðbótar til Ráða Reglunnar, embættismanna og Stmm. Þessi verkefni snerta einkum sameiginlega fræðslu- og fyrirspurnafundi starfstúkna, trúnaðarmál og öryggi, heimilaðar vísbendingar, samskipti við fjölskyldur, könnun á viðhorfum óvirkra br., umsjón skjalasafns, könnun um mannað, sjálfbodastörf, og lengingu starfsárs.

Niðurstöður hópanna verða lagðar fyrir fund Æðsta Ráðs að vori 2017. Að þeirri umfjöllun lokinni verður þeim væntanlega vísað til lokavinnslu Ráða og embættismanna Reglunnar.

*Jón Sigurðsson DSM*



*Velkomin  
í Lauga-ás*

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

# In memoriam

## Látnir bræður

30. október 2015 - 27. október 2016

### Benedikt Þormóðsson. Gimli VII

F.11.05.1935. D.17.05.2016

### Björgvin Kristófersson. Fjölur X

F.20.03.1928. D.17.09.2016

### Daniel Emilsson. Edda IX

F.31.12.1927. D.04.07.2016

### Eiríkur E. Þórarinsson. Sindri IX

F.30.03.1929. D.27.02.2016

### Eyjólfur Davíðsson. Gimli X

F.28.10.1924. D.29.12.2015

### Gísli Benediktsson. Fjölur X

F.16.04.1947. D.12.07.2016

### Gísli Maack. Edda VII

F.11.03.1953. D.23.04.2016

### Guðbjörn Helgi Ásbjörnsson. Sindri X

F.31.03.1946. D.23.12.2015

### Guðjón Reynisson. Mímir X

F.21.11.1927. D.26.12.2015

### Guðmundur Guðmundsson. Njála X

F.11.04.1916. D.13.11.2015

### Guðmundur H. Haraldsson. Mímir IX

F.15.02.1945. D.20.12.2015

### Guðmundur St. Jacobsen. Rún IX

F.02.08.1926. D.27.05.2016

### Guðmundur Þorvar Jónasson. Gimli IX

F.08.05.1946. D.06.12.2015

### Gunnar Sólves. Rún X

F.12.03.1940. D.05.06.2016

### Halldór Snorrason. Edda IX

F.14.06.1942. D.25.07.2016

### Hans Markús Hafsteinsson. Edda IX

F.01.09.1951. D.18.06.2016

### Haukur Jónasson. Rún X

F.17.07.1926. D.23.02.2016

### Hilmar Danielsson. Rún X

F.16.09.1937. D.21.01.2016

### Ingi Hans Sigurðsson. Mímir IX

F.31.05.1953. D.19.03.2016

### Jón Magnússon. Edda X

F.20.03.1928. D.03.07.2016

### Jón Stefánsson. Edda X

F.05.07.1946. D.02.04.2016

### Kristján G. Bergþórsson. Hamar X

F.31.03.1947. D.10.06.2016

### Kristján Þorgeir Magnússon. Gimli IX

F.12.06.1953. D.26.11.2015

### Magnús Ragnar Gíslason. Glitnir X

F.19.06.1930. D.02.03.2016

### Magnús Guðnason. Edda VIII

F.09.11.1926. D.22.11.2015

### Matthías Grindvík Guðmundsson. Sindri VII

F.02.03.1948. D.09.10.2016

### Niels Árnason. Hamar IX

F.03.09.1923. D.24.10.2016

### Ólafur Jóhannesson Bachman. Akur X

F.08.06.1932. D.06.01.2016

### Ólafur Ágúst Ólafsson. Mímir R&K

F.11.02.1922. D.19.01.2016

### Ólafur Stephensen. Fjölur X

F.01.02.1936. D.28.04.2016

### Páll G. Björnsson. Röðull VII

F.08.10.1936. D.02.02.2016

### Reynir Þórðarson. Mímir X

F.31.10.1929. D.18.08.2016

### Rudólf S. Ásgeirsson. Edda X

F.28.07.1931. D.10.02.2016

### Sigmundur Freysteinsson. Mímir IX

F.30.09.1934. D.15.07.2016

### Sigurbjörn E. Þorbergsson. Edda IX

F.04.02.1943. D.02.08.2016

### Sigurður Eymundsson. Vaka IX

F.05.02.1943. D.27.06.2016

### Sigurjón Torfason. Gimli X

F.01.06.1940. D.05.11.2015

### Snjólaugur Þ. Þorkelsson. Akur XF

F.23.05.1932. D.11.01.2016

### Sólmundur Jónsson. Akur X

F.18.01.1929. D.29.06.2016

### Stefán H. Gunnlaugsson. Rún IX

F.17.03.1945. D.08.02.2016

### Tryggvi Þorsteinsson. Edda XF

.30.12.1923. D.23.11.2015

### Valdimar Kristján Jónsson. Glitnir IX

F.20.08.1934. D.06.05.2016

### Þráinn Valur Ingólfsson. Mælifell X

F.09.09.1941. D.06.10.2016

## Ljósmyndasafnið



Fyrsta skóflustunga að viðbyggingu Frímúrarahússins við Borgartún 4 var tekin laugardaginn 12. nóvember 1949. Vélskóflan sem notuð var við verkið var í eigu Almenna byggingarfélagins og var nefnd „amma gamla“, og var fyrsta eða með fyrstu vélskóflum sem fluttar voru til landsins. Skráð er að Sveinn Björnsson „hóf verkið“. Á myndinni eru frá vinstri: Bárður Óli Pálsson (III<sup>o</sup>), verkstjóri, Axel Oddsson (III<sup>o</sup>), skrifstofumaður, Carl B. H. Olsen (X<sup>o</sup>) Oddviti Fjárhagsráðs, Einar Erlendsson? (VII<sup>o</sup>) aðalarkitekt nýbyggingar, Ólafur Lárusson (X<sup>o</sup>), Vara-Kanslari Kapítulans, Vilhjálmur Þór (R&K), Kanslari og formaður byggingarnefndar, Sveinn Björnsson (R&K) Stjórnandi Meistari, Sigurgeir Sigurðsson (X<sup>o</sup>), Príor Kapítulans, Sveinn S. Sigurðsson (IX<sup>o</sup>), Stólmeistari Eddu, Sigmundur Halldórsson (VII<sup>o</sup>), arkitekt nýbyggingar og í byggingarnefnd, Þorsteinn Sch. Thorsteinsson (X<sup>o</sup>), Oddviti Stúkuráðs, Jónas S. Guðmundsson (VIII<sup>o</sup>), rafvirkjameistari nýbyggingar, Arent Claessen (X<sup>o</sup>), Oddviti Góðgerðaráðs, Svanbjörn Frimannsson (VIII<sup>o</sup>) Ritari Kapítulans og í byggingarnefnd, Einar Sveinsson (VIII<sup>o</sup>), byggingarmeistari nýbyggingar.



Ferðalag Eddubræðra þegar St. Jóh.st. Rún var stofnuð. Standandi frá vinstri: H. S. Hanson, Carl Olsen, Oddur C. Thorarensen, Arent Claessen, Svanbjörn Frimannsson, Jóhann Á. Jóhannesson, Lárus Arnórsson, Sveinn Þórðarson, Sveinn Sigurðsson, Bjarni Bjarnason, Ingimundur Arnason, Helgi H. Bergs. Ólafur Ágústsson, Tómas Björnsson, Ólafur Lárusson, Snorri Guðmundsson, Karl Ásgeirsson, Jakob Frimannsson og Guðjón Bernharðsson. Sitjandi fyrir framan: Matthías Þórðarson, Vilhjálmur Þór, Þórður Edilonsson og Sigurður Stefánsson.

**Rafvík**verktakar slf  
Gónhóli 6  
260 Reykjanesbæ**Otto B. Arnar ehf.**

www.oba.is



LANDARK

**REGALO****Fiskimið ehf.**

Strandgötu 39, Eskifirði



THG ARKITEKTAR

**Stjornublastur ehf.**Fjarðargötu 1, Seyðisfirði  
Sími 472 1300

austfjardaleid.is



Urðarteig 22, 740 Neskaupstað



www.bolholt.com



www.eskja.is

**Álnabær**

www.alnabaer.is

**sbk****Hópfærðir • Keflavík Coaches**

www.sbk.is

**RAFLAGNIR  
VERSLUN**Alhliða raflagnir • heimilistækni  
Sportvörur • Gjafavörur • SkólavörurHeiðartúni 2 • 250 Garði  
sími 422 7103 • GSM 892 9812 • tölvupóstur: rafsi@centrum.isHraun 3  
730 Reyðarfjörður  
Sími 414 9400  
launafl.is

www.3frakkar.com

Hiá Úlfari

BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR  
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is**KORTA**

VISA MasterCard



www.kjarnafaedi.is

**bananar ehf.**

www.banar.is



www.ekran.is

**HS ORKA HF**

www.hsorka.is

**mbi.is**

# ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla



Sverrir  
Einarsson

Vaktsími:

581 3300 & 896 8242

www.utforin.is  
Allan sólarhringinn



Kristín  
Ingólfssdóttir

# ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



www.hjonsson.is

QUORUM

www.quorum.is

PACTA

www.pacta.is



iKort



www.iec.is



Sími 557 5100 / Fax 557 5010

Bildshöfða 16 / 110 Reykjavík

lashusid@lashusid.is



www.lyra.is

MARPORT  
DEEP SEA TECHNOLOGY

www.marport.com

ÚLARADIÓ  
rafeindafjónusta

www.mularadio.is

## Árnað heilla



### Sr. Þórir Stephensen 85 ára

*Þann 1. ágúst sl. fagnaði sr. Þórir Stephensen 85 ára afmæli sínu, en sr. Þórir er fv. Æ.Km. Reglunnar. Yf.Sm. Reglunnar, Bogi Magnússon, afhenti við það tækifæri sr. Þóri skjal um að Reglan hafi að ósk hans afhent tillegg til Ljóssins. Á myndinni er sr. Þórir með skjalið umrædda.*



### Einar Þ. Guðmundsson 85 ára

*Þann 5. júní sl. fagnaði br. Einar Þ. Guðmundsson 85 ára afmæli sínu. Af því tilefni fór St.Sm. Kristinn Guðmundsson með blóm og kveðju frá SMR og bræðrum til Einars og færði honum ásamt árnaðaróskum. Á myndinni eru br. Einar og frú Ása Jörgensdóttir.*



### Jóhannes Harry Einarsson 80 ára

*Á vordögum, nánar tiltekið 26. maí sl., varð br. Jóhannes Harry Einarsson, fv. Stm. Hamars og Iðunnar, 80 ára. St.Sm. Kristinn Guðmundsson færði Jóhannesi Harry blómvönd og kveðjur frá SMR og bræðrunum af því tilefni. Á myndinni eru Jóhannes Harry og eiginkona hans, Kristín Elísabet Hólm.*

# ALLT HEFST MED



**NESCAFÉ**

# Bráðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður